


# LJÓRI

6. HEFTI, 1989



# ÞRIÐJI FUNDUR ÍSLENSKRA SAFNMANNA

6. - 8. OKTÓBER 1988

## DAGSKRÁ

### 6. október:

- 9.00 Fundur settur í Þjóðminjasafni Íslands. Þjóðminjavörður skýrir frá *starfsemi þjóðminjasafnsins* frá því fundur var síðast haldinn, og ræðir um sérhæfingu safna.

Safnstjórar eða formenn safnstjórnna flytja stuttar skýrslur hver um sitt safn og starfsemi þess.

Fyrirspurnir og umræður.

- 12.00 Léttur hádegisverður í Þjóðminjasafni Íslands.

- 13.00 Erindi um *tölvuskráningu safna*. Guðmundur Ólafsson, deildarstjóri i Þjóðminjasafni Íslands, hefur framsögu og skýrir tölvukerfi. Siðan almennar umræður.

- 15.00 Farið til Hafnarfjarðar, *Sjóminjasafn Íslands* í Brydepakkhusi skoðað undir leiðsögn Gyðu Gunnarsdóttur og *Byggðasafn Hafnarfjarðar* í húsi Bjarna riddara Sívertsen undir leiðsögn Magnúsar Jónssonar safnvarðar. Að lokum verður *Póst- og síma-minjasafnið* við Austurgötu skoðað undir leiðsögn Magnúsar Eyjólfssonar.

- 17-18 Móttaka menntamálaráðherra í Borgartúni 6.

### 7. október:

- 9.00 *Endurbýgging gamalla húsa*.

Þjóðminjavörður hefur framsögu. Umræður og fyrirspurnir.

- 10.00 *Minjar og saga*. Friðjón Guðrőðarson segir frá félaginu.

- 10.30 *Safnkennsla*. Bryndis Sverrisdóttir safnkennari hefur framsögu.  
Umræður og fyrirspurnir.

- 11.00 *Ný þjóðminjalög*. Þjóðminjavörður kynnir breytingartillögur að lögnum.  
Umræður.

- 13.00 Farið í *Árbæjarsafn*. Snæddur hádegisverður og safnið skoðað undir leiðsögn starfsmanna.

- 16.00 Farið í *Listasafn Íslands* og það skoðað.

- 17.30 Farið í *Myntasafn Seðlabanka og þjóðminjasafns Íslands* við Einholt.  
Par þegnar veitingar.

### 8. október:

- 9.00 Ferð austur fyrir fjall. Farin nýja Óseyrarbrúin, skoðað *Sjóminjasafnið á Eyrarbakka* undir leiðsögn Ingu Láru Baldvinsdóttur, siðan skoðað *Rjómabúið á Baugsstöðum og Byggðasafn Árnessýslu* á Selfossi. Hádegisverður verður snæddur þar. Áætluð heimkoma kl. 16.00.

# VIÐ OPNUN SAFNMANNAFUNDAR 6/10 1988

Pór Magnússon

Góðir samstarfsmenn og félagar.

Ég býð ykkur öll velkomin til þessa þriðja safnmannafundar, en nú eru þrjú og hálft ár síðan við komum síðast saman til þess að ræða ýmis sameiginleg mál safnanna, kynnast hvert öðru og störfum hvers annars, kynnast söfnunum og starfsemi þeirra. Ég held, að íslenzkir safnmenn geri of lítið að því að koma saman og kynnast þannig innbyrðis og ræða málin, eins og það er kallað.

Söfnin hafa oft verið kölluð hálfgerð olnbogabörn þjoðfélagsins. Þess verður sjaldan vart, að stjórnmálamenn eða fjármálayfirvöld sýni þeim sérstakan áhuga, nema helzt ef sýna þarf söfnin erlendum tignargestum. Safnmenn eru ekki sá þrýstihópur, að stjórnmálamenn telji sig þurfa að taka tillit til þeirra nema rétt í miðlungi, og það er víst alveg rétt, sem einn fyrrverandi menntamálaráðherra skrifaði í endurminningum sínum frá ráðherradómi, að söfnin hafi sjaldnast átt sér sérstaka formælendur á Alþingi eða í ráðuneytum.

En ekki skulum við hafa uppi svartagallsraus. Tími safnmannsins er í rauninni dýrmætari en svo, og það má lika segja, að bráðum komi betri tið með blóm í haga, og í anda þess skulum við vinna. Starfssviðið er stórt og enn er stór hluti akursins óarinn.

Það er gleðilegt að sjá, að svo margir safnmenn utan af landi skuli hafa séð sér fært að sækja þennan fund eða þing, bæði safnstjórar eða forstöðumenn byggðasafnsnefnda og aðrir, sem láta sig söfnin einhverju skipta. Vona ég, að menn fari síðan heim einhverju ríkari en þeir komu.

Síðan við hittumst síðast hafa ýmsir horfið úr röðum íslenzkra safnmanna, frumherjar hver á sínu svíði, menn sem við söknum og menn sem ruddu brautina hver á sínum stað. - Þeir sem ég minnist að láttizt hafa eru: *Gisli Gestsson*, fyrsti safnvörður við Þjóðminjasafn Íslands, starfsmaður safnsins um áratuga skeið og einn


þeirra, sem unnu hvað fjölbreyttast og árangursríkast safnstarf hér á landi - *Sigurður Guðjónsson* skipstjóri á Eyrarbakka, sem kom sjóminjasafninu þar á laggirnar af miklum áhuga og dugnaði og við bág ytri skilyrði - *Pórður Friðbjarnarson* safnstjóri á Akureyri, fyrsti forstöðumaður Minjasafnsins þar og sá sem grundvallaði starfsemi þess. - Ég vil biðja ykkur að rísa úr sætum til þess að heiðra minningu þeirra.

## ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS

Á þessum þremur og hálfu ári, sem liðin eru síðan við komum saman síðast, hefur ýmislegt gerzt í íslenzkum safnaheimi, og það er von míni, að við getum notað þennan fyrsta morgun fundarins til að skýra hvert frá sínu safni og starfsemi þess, nýjungum og fyrirætlunum, og mun ég hér byrja á því að skýra stuttlega frá Þjóðminjasafninu og því, sem þaðan er helzt að segja. Vil ég þó nefna að í Árbók fornleifafélagsins birtist árlega allýtarleg skýrsla um starfsemi safnsins og þjóðminjavörzlunnar, og vísa ég þeim sem nánar vilja kynnast störfum hér til hennar.

Það var mikill og langþráður atburður, er Listasafn Íslands fluttist héðan úr húsinu á síðastliðnum vetri, en við það fékk Þjóðminjasafnið full ráð yfir húsi sínu, sem lengi hafði staðið til, enda húsið byggt í upphafi fyrir Þjóðminjasafnið, þótt Listasafni væri fljótlega ætlaður hér staður þangað til það eignaðist sjálft þak yfir höfuðið. Þegar þetta gerðist var farið nánast strax að undirbúa og vinna að breytingum og lagfæringum á húsa-kynnum safnsins. Fjárveiting fékkst nokkur til þeirra hluta, en fyrst varð fyrir að betrumbæta vinnuaðstöðu starfsfólks.

Útbúnar voru nýjar skrifstofur í turni, þar sem Listasafnið hafði haft skrifstofu og Þjóðminjasafnið einnig geymslur og vinnustofur, og síðan fluttust þjóðháttadeildin og fornleifadeild þangað upp, svo og fleiri starfsmenn. Á neðstu hæð, þar sem verið höfðu vinnustofur þjóðháttadeilda og fornleifadeilda, einnig geymslur og forvarzla í bráðabirgðaaðstöðu, var nú bætt við vinnustofum, og er því verki langt komið. Þar munu verða til húsa forvarzla og myndadeild, auk þess sem þar var útbúið skjalasafn og almennur vinnustaður. - Þetta er aðeins upphafið að miklum breytingum innan safnsins. Í framtíðinni er svo ráð fyrir gert, að neðsta hæðin, þar sem sjóminjasafnið og landbúnaðarsafnið eru nú, verði bókasafn og skjalasafn, einnig væntanlega funda- og fyrilestrasalur sem sárlega vantar, og væri vissulega tilhlökkunarefni, ef við gætum næst komið saman í nýjum og vel búnum fyrilestrasal.



Fornleifarannsóknir á Bessastöðum 1988. Byggingaleifar frá fyrri hluta miðalda. Ljósmynd. Guðmundur Ólafsson.

Á miðhæðinni, sem verið hefur aðalsýningarrými Þjóðminjasafnsins, verða áfram sýningarsalir, svo og á efstu hæðinni, þar sem Listasafnið var. Er áformað að endurskapa allar sýningar safnsins á næstu árum og verður safnið væntanlega sett upp algerlega á nýjan hátt með þeirri sýningartækni, sem nú þykir bezt. Eru hugmyndir uppi um að setja safnið upp í tímaröð, frekar en að skipta því í deildir eins og nú er, þannig að safnið sýni þróun Íslands-sögunnar og íslenzkrar menningarsögu, með þeim hlutum sem það á svo og með ljósmyndum, teikningum og textum, og einnig myndböndum og skyggnum, og ef til vill einhverju enn öðru, sem þá verður nýjast og bezt. - Þannig má ætla að safnið nýtist mun betur þeim, sem kannske þekkja ekki allt of vel þróun sögunnar, og þó einkum skólaæskunni, sem nota myndi safnið enn frekar sem kennslugagn, að ég tali ekki um erlenda gesti, sem fæstir þekkja mikið til sögu þjóðarinnar. - Er það trúá míin, að þannig yrði safnið mjög að-gengilegt og þætti forvitnilegt og spennandi, og með þessari uppstokkun gefst færí á að sýna fjölmargt gripa sem nú eru í geymslum eða jafnvel enn ekki komnir á safnið, en menn munu sjá, að beinlínis vantar til að fylla upp í sögubróunina og þarf að afla. - Það er nefnilega svo, sem ég mun ef til vill koma betur

inn á síðar, að söfnin hafa mörg hver ekki verið nógu vakandi í söfnun sinni og björgunarviðleitni menningarminja, og undanskil ég ekki Þjóðminjasafnið.

Geymslumál safnsins eru heldur bágborin, en þó var í fyrra keypt allgóð geymsla hér inni í bæ og voru þangað fluttir nokkrir gamlir bílar, traktorar og vélar, svo og mikið af hlutum héðan úr geymslum safnsins, sem rýmdar voru við þær breytingar, sem ég nefndi áður. Safnið er enn fremur með nokkra geymslu á Korpúlfsstöðum svo og á Bessastöðum, en aðra þeirra, sem var orðin ónýt, þurfti þó að rýma og hina þarf líklegast að rýma á næsta ári. Er ljóst, að finna verður safninu mikið geymslurými til viðbótar, og er það reyndar á verkefnaskrá næstu ára, en til safnsins berst eðlilega mikill fjöldi ýmiss konar stórra hluta þessi síðustu árin og mun verða í framtíðinni, þar sem nú er liðin sú tíð að safnmenn tækju aðeins til handargagns það, sem nánast var hægt að halda á undir hendinni. Ekki kemur lengur mikið af hinum smærri hlutum fyrri alda, útskurður, amboð eða miðaldalistgripir heldur er það sem nú berst og leggja þarf áherzlu á að varðveita hin stóra hlutaflóra 20. aldar, tæknialdar, sem bezt og fjölskrúðugast safn þeirra hluta, sem fylgja tækni- og framfarapjóðfélaginu. Og enn á þróunin eftir að halda áfram, ef að líkum lætur.

Starfslið Þjóðminjasafnsins hefur aukizt, þótt ekki hafi það samt orðið í þeim mæli, sem óskað hefur verið eftir.

Auk þjóðminjavardar starfa við safnið níu sérfræðingar í fullu starfi og einn í hálfu starfi. Að auki hafa verið lausráðnir tveir sérfræðingar, annar að vísu lengst í hálfu starfi, þá er fjármálastjóri eða forstöðumaður skrifstofu í fullu starfi, fulltrúi í hálfu starfi og húsvörður, svo og sérhæfður viðgerðarmaður og safnið hefur einnig fengið stöðu styrkjega, sem skipað er í til eins árs í senn. Þá starfar við safnið safnkennari, launaður af skólaskrifstofu menntamálaráðuneytisins, en að auki hafa tímbundið verið lausráðnir menn til ýmissa rannsóknarverka og sérfræðivinnu, auk svo þess starfsliðs, sem ráðið er um skamman tíma að sumrinu til fornleifarannsókna.

Þetta mun sumum finnast að sé ærið starfslið, en sannleikurinn er sá, að hvergi hefst undan, enda er verksvið þessarar stofnunar með því allra stærsta sem gerist um hérlandar stofnanir. Það var t.d. ekki fyrr en nú í ár, að safnið fékk bókavörð, sem löngu var orðin brýn þörf, enda er hér saman komið mjög mikið og gott sérfræðibókasafn á sviði fornleifafræði og almennrar menningarsögu, sem oft er talsvert notað af fólk í utan safnsins einnig, enda eina sérþókasafnið á sínu sviði, þótt víða sé það samt gloppótt. Þarf



*Hluti af altarisbríkinni á Hólum, fyrir viðgerð.  
Ljósm. Guðmundur Ingólfsson.*

nú ekki lengur að bera kinnroða fyrir bókasafnið, sem lengi hafði verið nánast hrúgað lítt skipulega upp.

Á vegum forvörludeildar hefur verið unnið mikil starf við viðgerð altarisbrikurinnar stóru úr Hólladómkirkju, sem fara mun þangað aftur að viðgerð lokinni, en verið er að gera rækilega við kirkjuna og ýmsa kirkjugripi. Þá er unnið að viðgerðum textíla,

bæði úr safninu og annars staðar að, en aðstöðuleysi hefur nokkuð háð þessu verki, sem brátt mun þó rætast úr. Að auki hafa verið forvarðir ýmsir hlutir frá fornleifarannsóknum. Aðrar deildir innan safnsins hafa sinnt áframhaldandi verkefnum og er ekki hægt að tíunda þau verk, sem mörg hver eru nánast þjónustustörf við gesti og gangandi, auk rannsóknarverkefna og söfnunar. Væri viðeigandi, að þið notuðuð einhverjar stundir sem gefast þessa daga, til að litast um hér innan húss á vinnustofum og í sýningarsöldum, og jafnvel í geymslugum einnig, til að fá eilitla nasasjón af starfi fólksins hér, en sumir þekkja það reyndar að nokkru marki.

Ég vil aðeins nefna lítillega þá starfsemi, sem fer fram utan safnsins og snertir í reynd landsbyggðina nánast, það er fornleifarannsóknir og varðveisla gömlu bygginganna.

Undanfarin ár hafa fornleifarannsóknir verið framkvæmdar á vegum safnsins viðs vegar, en einnig allvíða á vegum annarra aðila og undir umsjá Þjóðminjasafnsins. - Þannig voru í fyrra og einnig nú í haust gerðar umfangsmiklar rannsóknir á Bessastöðum í sambandi við viðgerð Bessastaðastofu og endurbætur á heimreiðinni á staðinn. Hafa væntanlega allir heyrt um árangur þeirra, þar sem komu í ljós byggingaleifar frá síðari öldum og aftur til miðalda, svo og grafir í kirkjugarðinum. - Þá voru í sumar hafnar fornleifarannsóknir í Reykholti, að undangengnum könnunarrannsóknum í fyrrasumar, og eru vonir til, að þeim rannsóknum verði haldið áfram næstu árin. - Á Þingvöllum hefur farið fram umfangsmikil og nákvæm fornleifaskráning og könnun á gamla þingstaðnum, en viðamestu heildarrannsóknirnar hafa verið á Stóruborg undir Eyjafjöllum, sem staðið hafa nú í nær áratug og mun eftir einhverra ára verk þar. - Þá hefur verið hafin fornleifaskráning á nokkrum stöðum um landið, flestar þó kostaðar af viðkomandi sveitarfélögum en unnar undir yfirstjórn fornleifadeilda. Enn fremur hafa verið framkvæmdar rannsóknir á vegum annarra aðilja en Þjóðminjasafnsins, og eru hinar viðamestu í Viðey, kostaðar af Reykjavíkurborg sem og rannsóknir hér niðri í miðbæ, rannsóknir á Gásum og fremst í Eyjafjarðardölum, og einnig rannsóknir mannvistarleifa á Borgarfirði eystra og á Svalbarði við Þistilfjörð, en þetta hefur verið kostað af ýmsum sjóðum og sumt af erlendu fé.

Viðhald og varðveisla gömlu bygginganna er einn stærsti þátturinn í starfsemi safnsins og má búast við, að sá þáttur muni aukast verulega á næstu árum, ef svo fer sem óskir standa til.

Þetta hófst með vernd og viðhaldi nokkurra gömlu torfbæjanna og torfkirknanna, en smám saman hefur þessi akur færzt út, og nú hefur safnið, og ekki síður Húsafríðunarnefnd, staðið að varðveizlu

fjölða bygginga frá síðustu öld og upphafi þessarar aldar, gamalla kirkna, íbúðarhúsa í sveit og bæjum, pakkhusa, hjalla, fjósa og útihúsa og ýmissa bygginga annarra. Hefur safnið í rauninni færzt meira í fang en það ræður við að þessu leyti, en reyndin er sú, að hverju sinni finnst manni að bregða verði við af skyndingu og gera eitthvað, jafnvel þótt peningar séu nær engir til, og þess vegna liggja þessi verkefni mörg hver hálfkörud árum saman og sér vart fyrir endann á sumum þeirra.

Til að nefna nokkur vil ég minnast á húsin á Skipalóni, gamla pakkhúsið frá 1843, sem safnið hefur átt lengi og er nú nær fullviðgert, og íbúðarhúsið frá 1824, sem safnið eignaðist með sérstökum samningi og farið er að gera við. Þá má nefna merkilega klukknapiroð á Möðruvöllum í Eyjafirði, frá 18. öld, pakkhúsið á Hofsósi, líklegast frá 1772, sem komið er nokkuð á veg að gera við, bæjarhús Skúla fógeta á Stóru-Ökrum, en þar var gert við bæjardyrnar vandlega í sumar, Krýsuvíkurkirkju frá 1856, sem verið er að gera við, gamla íbúðarhúsið á Keldum, frá 1937, sem er í viðgerð, og gamla bæinn á Þverá í Laxárdal, sem verið er að gera við þessi árin. - Að auki eru svo sífelldar viðgerðir og endalaust viðhald gömlu bæjanna, í Glaumbæ, Grenjaðarstað, Bustarfelli, Keldum, Laufási, Hólum í Hjaltadal og kirknanna á Viðimýri, Saurbæ, Hofi, Núpsstað og Gröf, og ótal margra annarra, þar sem framkvæmdar eru meiri eða minni viðgerðir árlega. Sumt sést varla en kostar þó sína vinnu og sitt fjármagn, og hér hefur safnið viða notið ómetanlegrar hjálpar safnvarða og minjavardá úti um landið, sem tekið hafa að sér sums staðar eftirlit þessara bygginga.

Að undanförnu hafa verið farnar könnunarferðir um landið beinlínis til þess að kanna og rannsaka gamlar byggingar, sem varðveizluverðar þykja og ástæða er til að reyna að varðveita. Er nú verið að vinna að skrá um slíkar byggingar og á grundvelli hennar verður síðan tekin ákvörðun um það, hvað reynt verður að varðveita. Mun ég koma inn á það mál á morgun í sambandi við þátt byggðasafnsmanna í varðveizlumálum gamalla bygginga.

Ég sleppi því að geta hér um þau hús, sem byggðasöfnin eiga nú þegar og hafa staðið að viðgerðum á, enda vona ég, að við fáum að heyra eitthvað um þau hér á eftir í frásögnum af byggðasöfnunum. En þar er viða unnið mjög mikilsvert og merkilegt björgunarstarf, sem þjóðminjasafninu er skylt að styrkja eftir mætti, enda verður að líta á slíkt starf sem unnið fyrir þjóðarheildina. - Hver húskofi, óásjálegur sem ásjálegur, sem þannig er bjargað, er á sinn hátt merkileg og oft ómissandi viðbót við það litla, sem til er fyrir, og það á reyndar við um hvern þann grip, sem söfnin ná að bjarga, hvern

þann fróðleik um fyrri tíðar hætti og lifnaðarháttu, sem næst á blað eða mynd eða band, allt er þetta á sinn hátt viðbót við þann oft slitrótt heimildaforða um líf og störf fyrri tíðar fólks í landinu, sem til er.

Hér hef ég aðeins stiklað á stóru um Þjóðminjasafnið, en ég vildi mega enda þessi orð míin með hvatningu til ykkar, sem söfnunum ráðið og stýrið. - Flest íslenzk söfn eru fábreytileg og fáskrúðug, sem von er, þar sem mörg hver eru enn ung að árum. Þetta á meira að segja við um Þjóðminjasafnið. Þess vegna vildi ég hvetja íslenzka safnmenn til að leggjast enn fastar á árar. Íslenzk þjóðmenning leið ekki undir lok þegar menn hættu að stinga útskorinni rúmfjöl niður með rúmstoknum, hættu að draga segl að húni, lyfta sátu til klakks eða slá skeifu í smiðju.

Þjóðmenningin heldur áfram, aðeins í breytri mynd og við nýjar aðstæður. - Nú slær bóndinn tún sitt með sláttuþyrlu, sjómaðurinn notar plastbát í stað súðbyrðingsins, þjóðminjavörður fer ekki lengur ríðandi sumarlangt til að skoða fornrústir eða skrá kirkjugripi og kontóristinn hefur lagt frá sér stálpennann. - Ný amboð hafa tekið við en enn tórum við nokkur, sem sáum gamla tímann hverfa með sínum frumstæðu amboðum og starfsháttum. Safnmenn framtíðarinnar hafa í rauninni miklu stærra verksvið við að glíma en hinir fyrri tíðar safnmenn. Það sem gildir er að reyna að glöggva sig á, hvað er mikilvægt, hvað setti mark sitt á tímann hverju sinni, hvað munu síðari tíma menn óska, að við geymum handa þeim af minjum okkar tíma?

Þessu spjalli læt ég lokið, en ég vona, að við getum rætt einhver þessi atriði síðar, eftir því sem mönnum kann að búa í brjósti.

# ÁRBÆJARSAFN – MINJASAFN REYKJAVÍKUR

Ragnheiður H. Þórarinsdóttir

Talsverðar breytingar hafa átt sér stað í Árbæjarsafni á síðastliðnum árum. Vinnuaðstaða hefur batnað til muna og má nú teljast nokkuð góð. Skrifstofan hefur verið endurskipulögð, því með fjölgun safnvarða úr 2 í 3 um síðstu áramót reyndist það nauðsynlegt. Tækjakostur hefur einnig aukist mjög, t.d. eignaðist safnið langþráða ljósritunarvél árið 1986 og sama ár var hafist handa við að tölvuvæða safnið.

Vélakostur á verkstæði hefur verið endurnýjaður algjörlega og eru nú komnar fimm nýjar trésmíðavélar, sem hafa leyst af hólmi mikið maskinuferlíki frá 3. áratugnum, sem hafði þjónað safninu í rúma two áratugi. Aðstaða til ljósmyndavinnu hefur einnig verið aukin og tækjakostur endurbættur.

Árið 1987 eignaðist Árbæjarsafn sjónvarp og myndbandstæki og hafa verið sýndar myndir er tengjast sögu Reykjavíkur á einn eða annan hátt. Hefur safnið komið sér upp örlitlum vísi að fræðslu-myndasafni og eru í gangi viðræður við Ríkissjónvarpið um kaup á ýmsum þáttum frá þeim.

Fyrir tveimur árum var hafist handa við gerð tölvuskráningaráforrits fyrir Árbæjarsafn. Það er Omnis-stýrforrit og gagna-grunnur fyrir Macintoshkerfi, sem er sniðið að þörfum safnsins. Í því eru sameinuð munaskrá, ljósmyndaskrá, húsaskrá og nafnaskrá. Aðalkostur tölvuvæðingarinnar fyrir söfnin er auðvitað að geta leitað og sameinað upplýsingar fljótt og vel og þess vegna er hlutverk útprentunar eða "reports" á ýmsum liðum afar mikilvægt. Nær allir hlutar forritsins eru á íslensku.

Á undanförnum árum hafa verið opnaðar nýjar sýningar á hverju ári. Stærsta átakið var gert árið 1986, er Prófessorsbústaðurinn frá Kleppi var opnaður í tilefni 200 ára afmælis Reykjavíkurborgar. Horfið hefur verið frá þeirri stefnu að eyða kröftum við að setja upp sumarsýningar af ýmsu tagi, sem síðan eru teknar niður

að hausti. Í staðinn hafa verið settar upp sýningar, sem fjalla um þætti í sögu Reykjavíkur og ekki verða teknar niður jafnharðan aftur. Munu þær smám saman gefa heildarmynd af mannlifi í höfuðborginni. Þessi stefna virðist höfða til almennings, því að fjöldi gesta í safninu hefur undanfarin 4 ár meira en tvöfaldast.

Ætlunin er að í Prófessorsbústaðnum verði grunnsýning, er segi frá Reykjavík í viðum skilningi, t.d. landháttum og upphafi byggðar og kaupstaðar. Þarna verður vísað á ýmsar sýningar annars staðar í safninu, er taka fyrir ákveðna þætti í sögu Reykjavíkurborgar. Á þennan hátt verður hægt að nota safnhúsini til annars en eingöngu að sýna húsbúnað, sem verður nokkuð einhæft í of miklum mæli.

Þrátt fyrir að enn sé aðeins bráðabirgðasýning í Prófessorshúsinu, hafa nú þegar verið settar upp nokkrar af þemasýningunum. Árið 1986 var sýning, sem fyrir var í safninu um hafnargerðina og Eimreiðina Pionér aukin og endurbætt. Sama ár var einnig gerð lítil sýning um upphaf gatnagerðar í Reykjavík, er tengist götuvaltaranum Bríeti. 1987 var sett upp sýning um brunavarnir og sögu slökkviliðsins. Þá var ákveðið að leita aðstoðar og samvinnu við önnur fyrirtæki borgarinnar og reið Slökkvilið Reykjavíkur á vaðið. Í ár var opnuð sýning um Reykjavík og rafmagnið, sem unnin var í samvinnu við Rafmagnsveituna. Hún er í húsi sem áður stóð við Lindargötu 43A og var eitt af þeim fyrstu til að fá rafmagn hér í borg. Þessi vinnuaðferð virðist gefa góða raun, því auk þess sem sýningarnar vinnast betur, hefur hún orðið til þess að hinarr ýmsu borgarstofnanir gefa sögu sinni meiri gaum.

Í vor var einnig opnuð sýning um fornleifauppgröftinn í Viðey, sem fram hefur farið á vegum safnsins undanfarin tvö ár.

Allar þessar sýningar hafa verið unnar á safninu. T.d. eru sýningarborð og sýningarskápar, uppsláttartöflur og fleira smíðað í Árbjarsafni, ljósmyndir, bæði í lit og svart/hvítar, kópíeraðar og þær ásamt textum plasthúðaðar. Við gerð sýningartexta hefur tölvun reynst ómissandi.

Til þess að hafa safnið lifandi og spennandi hefur verið brydda að upp á ýmsu. T.d. hanga nokkrir porskhausar ásamt rúmlega 15 ára gömlum hákarli í hjallinum, settir hafa verið upp skreiðarhjallar, sem bráðlega fá skreiðina, dýradagar hafa verið haldnir og sláttudagur. Það er ekki ónýtt að hafa hrossalyktina í hesthúsinu og fjósalyktina angandi um allan Árbæinn.

EKKI er hægt annað en minnast ögn á geymslumál safnsins. Það hefur nú sprengt af sér allar geymslur. Á safnsvæðinu eru nú 4 geymslur, sem mega teljast nokkuð góðar, þó að í augnablikinu séu



Prófessorsbústaðurinn frá Kleppi. Stærsta sýningarhúsnæði safnsins. Ljósm. Hans U. Vollertsen.

þær troðfullar. Á Korpúlfssstöðum hefur safnið tvær geymslur og eru þær hræðilegar í einu orði sagt. Er ekki með nokkru móti verjandi að geyma muni þar til lengdar, því þar biður þeirra varla annað en tortíming. Hefur verið sótt um fjárveitingu til geymlubyggingar undanfarin 3 ár án árangurs. Ég hef þó von um að úr rætist með stuðningi stjórnar safnsins.

Frá síðustu sveitarstjórnarkosningum árið 1986 hefur Menningar-málanefnd Reykjavíkur farið með stjórn safnsins. Þar áður var Umhverfismálaráð borgarinnar safnstjórn og var svo frá árinu 1974. Þá var sérvatnukur minjavörður borgarinnar ráðinn fyrst til starfa. Borgarminjavörður situr þó enn alla fundi Umhverfismálaráðs, því sú nefnd fer með húsverndunarmál og alla verndun útvistarsvæða í borgarlandinu.

Fastir starfsmenn safnsins eru nú 9. Auk forstöðumanns vinna 3 sérfraðingar, fulltrúi á skrifstofu (ný staða sem fékkst á árinu 1987) og þrír iðnaðarmenn. Einn iðnaðarmaður er að auki lausráðinn. Til september síðastliðins var starfandi textílvörður við safnið í hálfu starfi en hann hefur nú látið af störfum fyrir aldurs sakir og er óráðið í það stöðugildi. Lausráðið sumarfólk hefur verið um 30 til 40 talsins. Hefur það annars vegar unnið við

safngæslu og veitingasölu, en hins vegar aðstoðað við fornleifa-uppgröft.

Undanfarin ár hefur nokkuð verið unnið að rannsóknum á byggingsögu borgarinnar í Árbæjarsafni, þótt engan veginn sé nóg að gert. Fjárhagsárin 1985 til 1987 fékkst fjárveiting fyrir sérstökum starfsmanni til að sinna þessu verkefni og tengdist vinna hans vinnu við aðalskipulag Reykjavíkur 1984-2004, sem nú hefur nýlega komið út í bókarformi.

Árbók Árbæjarsafns var gefin út í fyrsta sinn í ár. Hefur hún hlotið nafnið *Safn og samtið*. Í henni eru birtar greinar, er segja frá því sem fer fram í safninu og á þess vegum. Í þessu fyrsta bindi er m.a. gerð stuttlegra grein fyrir sögu safnsins, sem varð 30 ára 1987 og sagt frá þeiri stefnu sem unnið er eftir við uppyggingu þess og ég hef minnst á hér á undan. Þar er einnig skrif-að um rannsóknir á vegum safnsins og birt ársskýrsla liðins árs. Safnið gaf einnig í ár út kynningarbækling á ensku í 20 þúsund eintökum og hefur hann þegar sannað gildi sitt.


Fjárhagur Árbæjarsafns verður að teljast rúmur a.m.k. miðað við önnur söfn hér á landi. Árið 1986 var fjárveiting til safnsins rúmlega 10 milljónir, 1987 um 14 milljónir og 1988 rúmlega 20 milljónir. Það skal tekið skýrt fram að Reykjavíkurborg ber al-farið allan kostnað af rekstri Árbæjarsafns og ríkisstyrkir eru engir.

Aðsókn hefur vaxið mikið á s.l. fjórum árum. 1984 voru safngestir rúmlega 9 þúsund, um 12 þúsund 1985, tæplega 14 þúsund 1986, rúmlega 18 þúsund í fyrra og í ár lítur út fyrir enn frekari fjölgun eða um 21 þúsund gesti.

Ég get ekki lokið þessari greinargerð án þess að minnast á sýninguna okkar í því mikla Mammonsmusteri Kringlunni. Hún var sett þar upp í lok maí og stóð þar á góðum stað í göngugötunni allt fram í ágústlok. Ég hef orðið vör við að mörgum þykir Árbæjarsafn hafa ruðst þarna inn á all-óvenjulegan vettvang en ráðamönum Kringlunnar var jafnmikið í mun og okkur að sýningin kæmist upp. Hefur safninu þegar verið boðið að setja upp aðra sýningu og gjarnan um eitthvert ákveðið efni. Er ég sannfærð um að þessi litla sýning hefur haft sitt að segja í sívaxandi aðsókn enda var henni eingöngu komið þarna fyrir auglýsingaskyni. En ég tel það einmitt vanda okkar safnamanna að við erum alltof hæversk og ódugleg í kynningararmálum. Sama má segja um hræðsluna við að taka aðgangseyri að söfnunum. Ég tel einfaldlega að ástandið í fjármálum íslenskra safna sé svo örurlegt, að þau hafi ekki efni á "að vera flott á því" lengur.

# SJÓMINJASAFNIÐ Í HAFNARFIRÐI

Gyða Gunnarsdóttir



*Sjóminjasafnið í Hafnarfirði. Ljósm. Mbl/Einar Falur.*

Það er undarlegt að sérstakt sjóminjasafn skuli ekki vera risið fyrir löngu á Íslandi þar sem undirstöðuatvinnuvegur landsmanna er sjávarútvegur.

Á Þjóðminjasafninu er sjóminjadeild og hefur hún verið látin nægja þótt hún fullnægi engan veginn þeim kröfum sem á að gera til sjóminjasafns.

Nú er orðið langt síðan fyrst var farið að hreyfa hugmyndum um Sjóminjasafn Íslands. Þegar fyrir síðustu aldamót setti Jón Þórar-

insson, skólastjóri Flensborgarskóla í Hafnarfirði, fram hugmynd um sjóminjasafn á Íslandi. Sú hugmynd varð þó aldrei að veruleika. Árið 1947 flutti Hermann Guðmundsson þingsályktunartillögu um stofnun sjóminjasafns, en þá þótti ekki þörf á slíku safni og málid náði ekki fram að ganga.

Þrjátíu árum seinna fór loks eitthvað að gerast í málinu, því árið 1974 fluttu þeir Geir Gunnarsson og Gils Guðmundsson tillögu til þingsályktunar um sjóminjasafn og var hún samþykkt. Ákveðið var að setja safnið upp í samvinnu við Hafnarfjarðarbæ og var samið um leiguafnot á gömlu pakkhúsi þar sem safnið fékk inni til bráðabirgða.

Bryde-pakkhús er 120 ára gamalt hús og þurfти talsverðra viðgerða við áður en hægt var að opna það sem safnahús, en í júní 1986 var safnið opnað með sýningu um gufuskip. Ákveðið var að safnið einbeitti sér að sérsýningum úr sögu sjávarútvegs sem settar væru upp á árs til tveggja ára fresti eftir hentugleikum. En pakkhúsið hefur takmarkað sýningarhúsnæði, geymslurými er lítið og það er orðið ákaflega brýnt að stærri gripir úr eigu safnsins, bátar o.fl. komist í gott geymsluhúsnæði.

Framtíðarland Sjóminjasafnsins er í landi Hafnarfjarðar á Skerseyri. Þar er nú fyrirhugað að reisa nýtt safnahús og er þegar farið að teikna grunnhugmyndir að húsinu. Þegar ráðist er í slíkt verk verður að hafa í huga að hlutverk sjóminjasafns er viðtækt. Söfnun sjóminja, viðgerðir og viðhald, fræðslu- og rannsóknarstarf, uppsetning sýninga úr ýmsum þáttum sjávarútvegs, ljósmyndasafn, myndbandasafn og fleira mætti nefna.

Þegar nýtt húsnæði fyrir safnið er byggt þarf að hafa alla þessa starfsemi í huga og mikilvægt að þeir sem teikna og hanna slíkt hús hafi sámstarf við safnafólk sem veit hvernig best er að haga innréttingu slíkrar byggingar. Á fundi sem nýlega var haldinn í félagi safnafólks var rætt um Sjóminjasafnið og arkitekt nýja hússins kynnti hugmyndir sínar og teikningar. Þar kom fram að nauðsynlegt er að koma á fót vinnuhóp þar sem safnafólk og arkitekt hafa samstarf, þá kemur byggingin væntanlega til með að þjóna sínum tilgangi og vera þægilegur vinnustaður. Það er brýnt að við hefjumst handa sem fyrst því við megum engan tíma missa.

Sjávarútvegur er atvinnugrein í örri þróun, nútíma veiðarfæri og vinnubrögð breytast fljótt. Til þess að Sjóminjasafnið geti staðið undir nafni og sinnt hlutverki sínu er mikilvægt að sofna ekki á verðinum.

Það er fyrir löngu mál til komið að við reisum okkur sjóminjasafn sem við getum verið stolt af.

# BYGGÐASAFN BORGARFJARDAR

Bjarni Bachmann



Að tilhlutan fimm félagasamtaka í Borgarfirði og á Mýrum var safnið stofnað 1960 og þá þegar hafin söfnun muna, sem bar góðan árangur.

Fyrstu árin var safnið á Varmalandi, síðan í 58 fermetra húsnæði hjá Kaupfélagi Borgfirðinga, en 1969 er keypt 121 fermetra húsnæði fyrir safnið í félagi við aðra safnaaðila.

Í Byggðasafnið hefur borist mjög mikið af munum allt fram að þessu og vitað er að á næstunni bætast góðir munir í safnið. Ekki síst fyrir það að safnið er nú komið í nýtt húsnæði, sem er 245 fermetra og fyrirhuguð stakkun síðar vegna áhuga og samstöðu góðra manna í heraði.

Aðsókn að safninu hefur verið góð - einkum hafa aukist heimsóknir skólanemenda.

# **BYGGÐASAFN DALAMANNA**

**Magnús Gestsson**

Byggðasafn Dalamanna er að Laugum í Dalasýslu, og er þar á staðnum heimavistarbarnaskóli fyrir mestalla sýsluna. Edduhótel hefur verið starfrækt í skólahúsnæðinu undanfarin sumur. Safnið er í kjallara undir einni álmu skólabyggingarinnar, og er stærð húsnæðisins rúmlega 300 fermetrar.

Vorið 1968 bauð ég undirritaður sýslunefnd Dalasýslu að safna til byggðasafns á hennar vegum, og var það þegið. Um sumarið fór ég svo á alla bæ í sýslunni og falaðist eftir gömlum munum og var mér vel tekið. Alla smærri muni flutti ég jafnframt í geymslu í kjallara félagsheimilisins í Búðardal, en næsta sumar leigði ég svo vörubil til að flytja stærri hlutina í geymsluna. En nú vantaði safnhúsnæði og ráðamenn sýslunnar treystu sér ekki til að byggja safnahús. Nú leið og beið þar til kom fram á árið 1975, að við áhugamenn um safnamál uppgötvuðum að kjallari undir nýlega byggðri álmu skólahúsnæðisins á Laugum stóð ónotaður. Þarna höfðu verið einangraðir útveggir og múrhúðaðir og lagt í gólf. En þetta húsnæði var umfram áætlun, og reyndar ekki löglegt skólahúsnæði vegna of lítilla glugga.

Nú samdi byggðasafnsnefnd í umboði sýslunefndar við hreppsnefndir, eigendur skólans, um leigu á kjallaranum fyrir byggðasafn. Sumarið 1975 gekk ég frá húsnæðinu að mestu, setti skilrúm og málaði. Um haustið flutti ég munina í kjallarann. Sumarið eftir, 1976, setti ég upp hillur og skápa, hreinsaði munina og lagfærði og kom þeim fyrir. Næsta vor um sumarmál var héraðshátið á Laugum og var þá safnið opnað til sýningar. Síðan hefur safnið verið opnið gestum ferðamannatímann hvert sumar, frá því snemma í júní til ágústloka.

Ég hef annast vörslu og uppbyggingu safnsins. Í fyrstu hafði maður ekki til umráða nema hluta af kjallaranum, en fleiri munir og sumir stórir bættust við og áður en langt leið fengum við afganginn af kjallaranum, svo nú er safnrýmið rúmlega 300 fermetrar, og er fullskipað svo að ekki rúmast fleiri stórir hlutir. Þetta er tilvalið safnhúsnaði, rakalaust, jafn og góður hiti (jarðhiti), og gluggar mjóar rifur uppi við loft.

Til sýnis eru um 1500 munir, það minnsta ein skónál, og það stærsta fjögurra stafgólfa baðstofa. Fjögurra manna far er þarna með breiðfirska laginu gamla. Á annan tug eyjabýla voru í Dalasýslu, og allmargar landjarðir höfðu hlunnindi í eyjum og hólmum, svo margt var um báta. En útræði til fiskjar var ekki á seinni öldum stundað frá Dalasýslu.

Á safninu er sæmileg fjölbreytni að starfstækjum úti og inni og húsmunum. Hestaheyvinnuvélar: Sláttuvél, rakstrarvél og snúningsvél eru þarna, og tæki smíðuð á bændaskólanum í Ólafsdal: Kerra, herfi og plógur. Rennibekkur Torfa skólastjóra er þarna og vatnstúrbína frá tóvinnuverksmiðju er Torfi kom á fót 1899.

Steinasafn allgott var safninu gefið fyrir nokkrum árum, en listasafn er ekkert.

Ljósmyndasafn telur nú á áttunda hundrað mynda.

# HEIMILISIÐNAÐARSAFNIÐ, BLÖNDUÓSI

Elísabet Sigurgeirsdóttir



Í litlu húsi á bökkum Blöndu við hlið Kvennaskólans er Heimilisiðnaðarsafn Sambands austur-húnvetnskra kvenna. Þar má auk annars finna stofu Halldóru Bjarnadóttur, en hún gaf safninu bú sitt ásamt ýmsum munum sem hún hafði safnað. Þessum hlutum var komið fyrir svo líktist mest heimili hennar á ellideild Héraðshælis Austur-Húnvetninga á Blönduósi.

Mörgum fögrum munum hefir þessi framsýna kona bjargað frá glötun. Á hverjum vetri eru skólasýningar í Halldórustofu. Þá koma konur viða að úr héraðinu og sýna börnunum hvernig ullin var unnin, allt frá því hún er hærð og þar til hún er komin í hespur. Að sjálfsögðu fá börnin að prófa áhöldin.

Safninu hefur borist mikið af góðum gripum. Er svo komið að húsnaði er orðið allt of lítið og þarf að fara að huga að nýju húsi eða að stækka þetta sem við höfum.

Heimilisiðnaðarsafnið og Halldórustofa eru opin á sumrin. Utan opnunartíma eru konur reiðubúnar að sýna þegar fólk óskar.

# SAFNAFRÉTTIR ÚR SKAGAFIRÐI

Sigríður Sigurðardóttir

Byggðasafnið í Glaumbæ hefur nú verið opnið yfir sumarmánuðina í 36 ár. Aðsókn hefur stigvaxið og hafa um 12 þúsund gestir skoðað safnið undanfarin tvö ár. Litlar breytingar eða framkvæmdir hafa hingað til verið á vegum safnsins og hefur einn safnvörður séð um að sýna það hverju sinni.


Fyrir rúmu ári réðst undirrituð sem minjavörður fyrir Skagafjarðarhérað, að hálfu ráðin af sýslu til að veita byggðasafninu í Glaumbæ forstöðu og að hálfu af þjóðminjasafni, til að hafa eftirlit með friðlýstum minjum á þess vegum í héraðinu. Hvað friðlýstar minjar varðar, hafa þær allar verið athugaðar og dyttað að þeim þar sem þurfa þótti, sett í göt, þakið og tjargað. Siðastliðið sumar var unnið að viðgerð á bæ Skúla Magnússonar á Stóru-Ökrum og í haust var gert við veggi í Glaumbæ.

Haust og veturna að miklu leyti í að læra á safnið í Glaumbæ, endurskrá það og nýskrá. Allir hlutir voru yfirlarfarir og nokkrir settir í viðgerð. Settur var síblástur á bænn í apríl, til að þurrka hann. Raka- og frostskemmdir voru orðnar töluberðar á munum safnsins. Settir voru nýir miðar á munina, á íslensku og ensku. Fyrir opnun sl. vor var sýningin í bænum endurskipulögð, hús máluð innan og allt hreinsað. Einnig þurfti að sjá um að-drætti, bæði að láta prenta bæklinga og annast allt sem viðvék hinu daglega amstri.

Frá því undirrituð hóf störf hafa Skagafjarðarsýslu verið gefin tvö hús. Þessi hús eru gamalt timburhús sem stendur í Ási í Hegrarnesi, byggt 1883-86, og lítil timburstofa sem byggð var í Eyjafirði um 1850, en flutt í Skagafjörð og notuð þar sem gestastofa, sýslukontór, íbúð, leikhús, verslun og geymsla á alls 5 stöðum. Í haust var byrjað að smiða annað húsanna. Búið er að hlaða grunninn

að Sýslustofunni, sem ég leyfi mér að kalla svo, og verður hún vonandi fokheld fyrir næstu áramót. Hún mun í framtíðinni verða notuð sem geymsla fyrir safnið og hýsa skrifstofu þess.

Ýmislegt fleira markvert er að gerast og ber þar hæst hitaveituna, sem komin er í hlaðið á safninu og bíður þess að vera tengd í blásturskerfið og verður hún einnig notuð til upphitunar annarra húsa í safninu.



*Eldhúsið í Glaumbæ 1974. Ljósm. Mjöll Snæsdóttir.*

# **MINJASAFNIÐ Á AKUREYRI**

**Guðný Gerður Gunnarsdóttir**

Aðdragandann að stofnun Minjasafnsins á Akureyri má rekja til ársfundar Mjólkursamlags KEA árið 1949. Í samþykkt þess fundar var fyrst og fremst hugað að nauðsyn þess að varðveita minjar tengdar mjólkuriðnaði, en með breyttum búskaparháttum voru gömul áhöld og verkfæri að hverfa. Stjórn KEA fleytti hugmyndinni áfram og fékk fljótlega til liðs við sig Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarbæ og var stefnt að stofnun eyfirsks byggðasafns. Að frumkvæði KEA var byrjað að safna munum til safnsins strax upp úr 1950, þó ekki yrði af formlegri stofnun fyrr en 1962. Það ár var safnið opnað á þeim stað sem það er enn til húsa, Aðalstræti 58.

Stofnendur voru Akureyrarbær, sem var eigandi að þremur fimmstu hlutum, Eyjafjarðarsýsla og KEA, sem hvort um sig er eigandi að einum fimmta hluta. Hefur þessi eignaraðild haldist óbreytt og leggja eigendur fram fé í samræmi við það. Að auki hefur safnið notið fjárstuðnings frá ríkinu, s.k. gæslustyrk, sem nemur hálfum launum safnvarðar (þó ekki hafi framlagið náð því s.l. ár). Í ár er heildarfjárveiting til safnsins 3.960.000.

Í upphafi var aðallega safnað munum sem tilheyrðu hinu gamla bændasamfélagi, en einnig var lögð áhersla á að fá í safnið verkfæri handiðnaðarmanna og þá í sem heillegastri mynd. Má nefna úrsmiðaverkstæði og verkfæri frá úrsmið sem dæmi um slíkt. Einnig eru varðveitt i Minjasafninu söfn nokkurra ljósmyndara sem starfað hafa á Akureyri, og er sérstök ljósmyndadeild við safnið. Verulegur hluti þessa ljósmyndasafns er á glerplötum og hefur verið unnið að hreinsun og skráningu þeirra undanfarin ár. Akureyrarbær hefur veitt sérstaka fjárhæð til þessa verks.

Við stofnun safnsins var keypt hús fyrir starfsemina, Kirkjuhvoll, Aðalstræti 58, sem stendur í elsta hluta bæjarins, Fjör-

unni. Húsið er tvílyft steinhús, reist árið 1934 sem einbýlishús, á stað þar sem fyrsta trjáræktarstöðin á Akureyri var stofnuð árið 1899. Árið 1978 var tekin í notkun viðbygging norðan við húsið. Þar eru sýningarsalir á tveim hæðum, tæplega 300 fermetrar að flatarmáli, en að auki eru sýningarsalir á neðri hæð eldra hússins. Á efri hæð þess eru skrifstofur, fundarherbergi og aðsetur ljósmyndadeildar. Alls er húsnæði safnsins um 550 fermetrar. Auk þess hefur safnið á leigu geymslur á tveim stöðum úti í bæ. Árið 1970 var flutt á lóð minjasafnsins timburkirkja frá Svalbarði, var hún endurgerð í safninu og endurvígð árið 1972. Er hún hluti af safninu, en einnig notuð til ýmissa kirkjuathafna.

Safnið er opið gestum allt árið, á tímabilinu 1. júní til 15. september alla daga vikunnar frá 13.30 - 17.00, en frá 15. september til 31. maí, sunnudaga frá 14.00 - 16.00, auk þess sem tekið er á móti skólahópum. Nokkur síðustu ár hafa rúmlega 4000 gestir komið í safnið. Tekjur af aðgangseyri og minjagripasölu munu í ár nema um 350.000 krónum.

Brýnustu verkefni næstu ára eru endurbætur á húsnæði safnsins. Geymslur eru mjög litlar í safninu sjálfu og leiguþúsnæði bæði dýrt og óhentugt og ætti að stefna að því að byggja geymsluhús á safnlóðinni. Hús safnsins er mjög viðgerðar þurfi, nýbyggingin þarf nast gagngerra viðgerða jafnt utanhúss sem innan. Einnig er þörf á auknu sýningarrými. Byggingarframkvæmdir tengjast svo fyrirhugaðri endurnýjun sýninga, en til að hægt sé að fara að huga að henni þarf að leysa geymsluvandræði þau sem safnið hefur verið í undanfarin ár. Samfara þessari endurskipulagningu þarf að tölvuskrá safnið og huga að viðgerðum safngripa. Safnkennsla hófst með skipulögðum hætti s.l. vetur og eru áform um að halda áfram þeirri þjónustu við skólana í héraðinu. Tvö síðastliðin sumur hafa verið haldnar sérstakar sumarsýningar og er ætlunin að halda því áfram.

Fastir starfsmenn safnsins eru tveir, forstöðumaður og starfsmáður ljósmyndadeildar, en auk þeirra starfa jafnan 2 - 3 aðrir starfsmenn yfir sumarmánuðina.

# **BYGGÐASAFN ÞINGEYINGA**

**Finnur Kristjánsson**

Árið 1949 var Bændafélag Þingeyinga stofnað, stóðu að því nokkrir áhugamenn í héraði og fyrrv. alþingismaður Jónas Jónsson frá Hriflu. Á fundum þessa félags var rætt um margskonar menningarmál héraðsins, og var sumt nýmæli.

Eitt af áhugamálunum var stofnun Byggðasafns Þingeyinga. Nefnd var kosin til framkvæmda og áttu sæti í henni Finnur Kristjánsson kaupfélagsstjóri, Sigurður Halldórsson bóndi og Páll H. Jónsson kennari. Var þegar hafist handa um söfnun muna, og voru þeir settir í geymslu á ýmsum stöðum.

Ötulastur allra við þessa söfnun, er stóð í rúmlega 8 ár, var Páll H. Jónsson, fór hann á flesta bæ i S-Þingeyjarsýslu og var hvarvetna vel tekið, safnaðist allvel. Mesta verk fyrir Pál var þó að skrásetja alla munina og færa aðfangabókina.

Pegar hér var komið sögu hafði verið hafist handa að endurbyggja gamla bæinn á Grenjaðarstað undir forystu Kristjáns Eldjárns þjóðminjavarðar. Samningar tókust um að byggðasafnið fengi inni í gamla bænum.

Hinn 9. júlí 1958 var margt fólk saman komið á Grenjaðarstað í tilefni þess að viðgerð á bænum var lokið, og opnað var til sýningar Byggðasafn Þingeyinga. Þetta var bjartur sólskinsdagur og bjartsýni ríkti um þetta menningarátak.

Um þetta leyti var hafist handa um byggingu Safnahúss á Húsavík undir forystu Jóhanns Skaptasonar sýslumanns. Þar eru nú mörg söfn til húsa. Þá var hætt að safna gömlum munum að Grenjaðarstað, en opnaður salur í Safnahúsinu fyrir muni er stöðugt voru að berast til Byggðasafnsins. Nú er svo komið að álika margir safnmunir eru á Grenjaðarstað og í Safnahúsinu á Húsavík.

# **SAFNASTOFNUN AUSTURLANDS**

**Guðrún Kristinsdóttir**

Safnastofnun Austurlands er rekin af sambandi sveitarfélaga í Austfirðingafjórðungi. Safnastofnun er ekki byggðasafn í sjálfu sér, heldur er meginhlutverk hennar að vinna að skipulegri uppbyggingu sérhæfðra safna á starfssvæðinu.

Undir hana heyra nú *Minjasafnið að Bustarfelli* í Vopnafirði, *Minjasafn á Egilsstöðum*, *Tækniminjasafn á Seyðisfirði*, *Sjóminjasafn á Eskifirði* og *Byggðasafn á Höfn* í Hornafirði, en tvö safnanna, þau á Egilsstöðum og Seyðisfirði, eru á undirbúningsstigi.

Samband sveitarfélaga skipar 5 manna stjórn Safnastofnunar til eins árs í senn og er leitast við að velja formenn byggðasögunefnda eða aðra áhugamenn sem víðast af svæðinu.

Önnur verkefni Safnastofnunar eru húsavernd, fornleifaskráning, minjasöfnun og samskipti safna og skóla.

Starfsmaður stofnunarinnar er einn og greiðast laun hans að hálfu úr ríkissjóði eins og um byggðasafn væri að ræða.

Framkvæmdafé er af afar skornum skammti og takmarkast því starfsemin að mestu við skrásetningu og upplýsingaöflun af ýmsu tagi. Ársveltan er um þessar mundir um 1,5 milljón króna. Til sérstakra rannsóknarverka verður að afla fjár með styrkjum og hefur nokkuð borið við að svo væri gert. Ofantalin verkefni eru í gangi að jafnaði, en áherslur misjafnar hverju sinni.

Safnastofnun Austurlands er ein sinnar tegundar í landinu, hefð fyrir slikum stofnunum er engin og starfsemin hefur því borið nokkurn keim af tilraunastarfsemi oft og tíðum.

Í drögum að nýjum þjóðminjalögum er gert ráð fyrir fjórðungsminjavörðum líkt og á Austurlandi. Enginn vafi er á, að nauðsynlegt er að starfsmenn þjóðminjasafns Íslands hafi aðsetur úti um landið og væri betra að skoða minjasöfn Íslands sem heild heldur en gera svo



*Friðlýst tótt í Vopnafirði, Hestarétt Brodd-Helga að Hofi.  
Ljósm. Guðrún Kristinsdóttir.*

mikinn greinarmun á byggðasöfnum og þjóðminjasafni, sem nú er gert hvað varðar nágildandi þjóðminjalög og fjárveitingar til safnanna.

### **MINJASAFNIÐ AÐ BUSTARFELLI Í VOPNAFIRÐI**

Minjasafnið að Bustarfelli var í fyrstu einkasafn í eigu heimilisfólks. Árið 1982 var það gert að sjálfseignarstofnun sem ýmis félög í Vopnafirði standa að.

Safnið er hýst í gamla burstabænum, sem ríkissjóður keypti árið 1943 og er safngripur í sjálfu sér. Búið var í bænum til 1966, sem sjá má af ýmsum nýjungum, svo sem steinsteyptum veggjum og skorsteini, miðstöð til upphitunar og raflögnum. Elstu hlutar bæjarins eru taldir frá því um 1770, búr, hlóðaeldhús og göng, þar sem lika má sjá elstu muni safnsins.

Annars geymir safnið fyrst og fremst nytjahluti og annað sem átti heima í bænum og tilheyrði fjölskyldunni í nokkra ættliði.

Fastur starfsmaður er enginn og fær safnið ekki ríkisstyrk. Þjóðminjasafnið hefur hins vegar kostað uppsetningu blásturskerfis og



*Frá Bustarfelli, nýhlaðinn veggur vorið 1988.  
Ljósm. Guðrún Kristinsdóttir.*

viðhald bæjarins.

Sýning safns og bæjar er í höndum heimafólks, en safnið er opið alla daga frá 15. júní til 1. september, en á veturna er margt safnmuna geymt í núverandi íbúðarhúsi.

Fyrir hluta aðgangseyris hafa verið greidd dálítil sýningarlaun, en lítið er um aðra tekjustofna. Þó leggja eigendur safnsins fram einhverja styrki en aðallega aðstoð í formi vinnu við viðgerðir safnmuna og árlega vorhreinsun bæjarins.

Um þessar mundir fer fram umtalsverð endurnýjun á bæjarhúsunum, en raki hefur gert usla í veggjum og tréverk gengið úr sér, bæði máttarviðir og klæðning, eins og margir bekka.

Nýlega voru útbúnir upplýsingabæklingar um sögu bæjarins og spjöld í hvert herbergi einnig, hvortteggja á nokkrum tungumálum, og sett upp útisalerni í grennd við bæinn.

Innan skamms fara geymsluvandamál að hrjá safnið, því Vopnfirðingar kjósa fremur að gefa Bustarfellssafninu gamla muni úr sveitinni en að senda þá á önnur söfn. Safnmunir eru skráðir jafnóðum í aðfangabók en aðalskrá er hjá Safnastofnun Austurlands, með ljósmyndum af mununum. - Umsjónarkona Bustarfellssafns er Björg Einarsdóttir, sími 97-31466.

## BYGGÐASAFN AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU


Safnið er í eigu sveitarfélaga í sýslunni og fer héraðsnefnd með fjárlagagerð og bókhald og leggur því styrki. Ríkissjóður greiðir hálf laun minjavardar í 3/4 hluta starfi. Héraðsnefnd kýs 5 manna safnstjórn, en daglegur rekstur er allur í höndum minjavardar.

Safnið er hýst í fyrsta verslunarhúsi í sýslunni. Það stóð áður við Papós í Bæjarhreppi en var fleytt á flekum sjóleiðina til Hafnar árið 1897 og reist þar við Hafnarvík, þar sem siglt var að með varning fyrir einokunartíma. Áfram var verslað í húsinu fram undir 1970, en 1977 var það flutt á skipulagt safnsvæði og gert upp til núverandi nota.

Safnið er opnið daglega frá 1. júní til 1. september. Aðsókn er mismikil milli ára. Dregið hefur úr komum hópa ferðaskrifstofum vegna þess að þeir kjósa nú að gista annars staðar nærrí og fara hjá garði. Komum skólabarna hefur aftur á móti fjölgæð og er tekið á móti þeim með verkefnum eða frásögnum um ákveðin efni, s.s. jólasíði.

Safninu er öllu skipt í deildir er sýna skylda hluti hver fyrir sig. Þannig eru deildir um ullan- og hrosshársvinnu, mjólkurvinnslu, tréskurð, málmsmiði, túnávinnslu og heyskap og ferðalög og flutninga, svo nokkuð sé nefnt. Í kjallara er sjóminjadeild og

*Úr hákarlhjalli Byggðasafnsins. Ljósm. Gísli Arason.*



náttúrufræðideild í risi. Í hluta safnsins hafa verið settar upp málverkasýningar og skjala- og bókasýning og er nú unnið að uppsetningu sýningar í tilefni af 100 ára afmæli Þórbergs Þórðarsonar rithöfundar, úr Suðursveit.

Geymsluskortur hefur lengi verið tilfinnanlegur. Búið er að teikna skála til að reisa á safnlóðinni og er nú reynt með öllum ráðum að útvega fjármagn.

Af nýjungum má nefna gjöf er safninu barst árið 1987, sem er íbúðarhús og járnsmiðja með öllu innanstokks. Húsið verður flutt á safnsvæðið þar sem áður var kominn hjallur, aðfluttur.

Hálfdán Björnsson á Kvískerjum hefur nýlega tekið að sér að veita náttúrufræðideild safnsins forstöðu og mun hún stækka á næstunni.

Árið 1987 var stofnað skjalasafn sýslunnar. Siðan hafa safnverðirnir tveir átt mikla og góða samvinnu um söfnun muna, skjala og mynda og er það ómetanlegt, eins og þeir munu kannast við sem vinna við minjasöfn, oft einangraðir í sínu starfi.

Minjavörður Byggðasafns Austur-Skaftafellssýslu er Gísli Árason, sími á safninu er 97-81833 og heima 81180.



*Eirketill úr eigu Byggðasafns A-Skaftafellssýslu.  
Teikning Margrét Hallgrímsdóttir.*

# BYGGÐASAFNIÐ AÐ SKÓGUM

Þórður Tómasson

Söfnun muna til byggðasafnsins í Skógum hófst árið 1946 í Rangárþingi. Safnið var fyrst opnað til sýningar í litlu kjallaraherbergi í Héraðsskólanum í Skógum 1950. Vestur-Skaftfellingar urðu aðilar að safninu 1952 og söfnun muna hófst þar í héraðinu sama ár. Safnhús var reist á Skógum 1954 og rak þar ekki síst á eftir þörfin á að koma áraskipinu Pétursey undir þak, elsta og merkasta fulltrúa gömlu sunnlenstu sandaskippanna.

Þórður Tómasson var ráðinn safnvörður í Skógum 1959, en hann hefur annast um minjasöfnun á svæðinu frá upphafi.

Árið 1968 var endurreist á safnsvæðinu skemma frá Varmahlið undir Eyjafjöllum, hús frá um 1840. Endurbýgging gamalla húsa hefur síðan farið fram hjá safninu í áföngum, krossfjóss frá Húsum í Holtum, baðstofu frá Arnarhlí i Landeyjum, stofuhúss frá Norður-Götum í Mýrdal, svefnherbergis frá Árkvörn í Fljótshlíð, eldhúss frá Kvoslæk í Fljótshverfi. Mynda þessi torfhús nú samstæðu torfbæjar, nema hvað bæjardyr vantær.


Árið 1979 var flutt til safnsins fyrsta timburhús, sem byggt var í Vestur-Skaftafellssýslu, íbúðarhúsið frá Holti á Síðu, frá 1878. Það var að nýju fullbyggt 1981. Í nánd þess hefur verið endurbýggð skemma frá Gröf í Skaftártungu frá um 1840.

Nú er unnið að endurbýggingu bæjarhúsa frá Skál á Síðu, fjósbaðstofu, ásamt svefnherbergi, og frambæjar með stofu, anddyri og eldhúsi. Húsin eru frá 1919 og verða mjög gott dæmi um sérstæða skaftfellska húsagerð frá byrjun þessarar aldar.

Gripaeign byggðasafnsins er nú nær 7000 skráðir munir, þar af fjórir stórir útróðarbátar og ferjubátur. Safnhús og geymsluhús (stálgindarhús frá 1974) eru nú yfirfull af munum og fyrir löngu orðið tímabært að byggja nýtt safnhús.

Arkitektarnir Stefán Örn Stefánsson og Grétar Markússon vinna nú að teikningu safnhúss í Skóginum, tengibyggingu við gamla safnhúsið. Er því ætlað að hýsa byggðasafnið og Héraðsskjalasafn Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga, sem þegar er tekið til starfa í leiguhúsnæði í Skóginum. Vonir standa til þess að framkvæmdir geti hafist á árinu 1989.

Aðsókn gesta að byggðasafninu hefur verið mikil og vaxandi á undanförnum árum. Gestir 1988 urðu alls um 12000, í rauninni um of miðað við þróng húsakynni.



*Drygjarhorn úr tré, í eigu Byggðasafnsins á Skóginum, notað fyrir sýrUBLÖNDU handa engjafólki. Jón Gíslason, Norður-Götu smíðaði. Teikning Margrét Hallgrímsdóttir.*

# **BYGGÐA- OG LISTASAFN ÁRNESINGA**

## **Á SELFOSSI**

**Hildur Hákonardóttir**

Byggða- og listasafn Árnésinga var opnað árið 1964, en áratuginn áður hafði Skúli Helgason safnað munum í sýslunni. Sökum nálægðar við höfuðstaðinn var því spáð, „að búið væri að raka svo mikið úr Árnessýslu", að söfnunin yrði erfið, en á tíu árum safnaði Skúli yfir 1000 gripum og mörgum merkum. Síðar bættist við einkasafn Haraldar Ólafssonar og voru þar 170 gripir. Safnnúmer byggðasafnsins nálgast nú 2000. Uppsetning safnsins þótti vönduð enda lögðu þar hönd að verki auk Skúla þekktir safnamenn, þeir Kristján Eldjárn, Þór Magnússon og Gísli Gestsson.


Byggt var yfir safnið ásamt bókasafni sýslunnar. Tíu árum síðar var byggt annað hús yfir listasafn sýslunnar og hýsir það einnig nýlegra dýrasafn.

Enn liðu tíu ár og var þá eldra húsið orðið mjög illa farið af frostskemmdum og nýrra húsið að fara sömu leið. Var byggðasafninu lokað um skeið en árið 1985 var hafist handa um viðgerð á húsnæðinu. Safnið var tekið niður og sett upp aftur í nokkuð breyttri mynd af núverandi safnverði.

Dagleg starfsemi er margbætt og reynt er eftir föngum að tengja söfnin þrjú innbyrðis. Selfoss er hvorki ferðamannabær né fjölsóttur áningarstaður og aðsókn að safninu á sumrum því ekki sérlega mikil. Sumaropnum er því aðeins rúmir tveir mánuðir enn sem komið er. Á veturna er hins vegar allmikil starfsemi í söfnunum. Verið er að byggja upp listasafnið og dýrasafnið á svipaðan hátt og byggðasafnið. Klæða þarf húsin að utan og jafnframt að endurnýja flest innanhúss og færa starfsemina og sýningar í nútímalegt horf. Nemendaheim-sóknir, meðal annars úr Reykjavík, fara stöðugt vaxandi, allt frá forskólanemum upp í háskólanema. Aldur og áhugasvið þessara hópa eru svo mismunandi að oftast þarf að sniða fræðsluna fyrir hvern hóp

sérstaklega en þó hafa heimsóknir yngri grunnskólabarna fengið nokkuð mótað yfirbragð, þar sem tengd eru saman dýrasafnið og byggðasafnið og fer það vel. Í listasafninu eru haldin myndlistarnámskeið fyrir börn og fullorðna og nemendurnir nota dýrin í safninu og verk listasafnsins til eftirgerðar. Nú er verið að vinna að jólasýningu, þar sem sveinarnir íslensku verða sýndir og kynnt þeirra rétta umhverfi - búr og hlóðaeldhús.

Skjalasafn sýslunnar hefir nýverið flutt sig í hús listasafnsins og hugsum við gott til samstarfs við það.



*Rennibor úr byggðasafni Árnesinga, Selfossi.  
Teikning Margrét Hallgrímsdóttir.*

# VERNDUN GAMALLA BYGGINGA

Þór Magnússon

Góðir fundarmenn.

Í gær fengum við að heyra frásagnir af byggðasöfnum og þar kom fram, að ýmis byggðasöfn hafa farið út í verndun gamalla bygginga og flutninga gamalla húsa heim að söfnunum. Sum byggðasöfnin nota gömul hús af ýmsu tagi sem safnhús, sem kemur meðal annars til af því, að í nágildandi þjóðminjalögum er kveðið á um heimild byggðasafns til að nýta sér friðlýst hús á fornleifaskrá, sem eru í eigu Þjóðminjasafnsins, á þann hátt. Voru reyndar sum fyrstu byggðasöfnin, sem opnuð voru til sýningar, alfarið í slíkum gömlum bæjum, svo sem safnið í *Glaumbæ*, *Byggðasafn Skagfirðinga*, og *Byggðasafn Þingeyinga* á *Grenjaðarstað*.

Önnur eignuðust sjálf í upphafi gömul hús, þar sem komið var upp sýningaraðstöðu, svo sem safnið í *Görðum* á *Akranesi*, og safnið á *Höfn* í *Hornafirði*, í *Gömlu-búð*, og í *Stykkishólmi* hefur *Norska húsið* verið endurreist öðrum þræði til að hafa sem byggðasafnshús. Á Austfjörðum má nefna *Gömlu búð* á *Eskifirði*, sem er sjóminjasafn, svo og *Randúlfssjóhúsið*.

Á fleiri stöðum hefur enn frekar verið farið inn á þá braut að gera við gömul hús á safnsvæðinu eða beinlinis að flytja gömul og merkileg hús til safnanna. Þannig hefur Byggðasafn Vestfjarða tekið *Turnhúsið* í *Neðstakaupstað* í notkun sem sýningarhús fyrir sjóminjasafnið, og fleiri hús frá einokunartímanum þar í Neðsta-kaupstað mun byggðasafnið fá til umráða fyrir sýningar og aðra safnaðstöðu. - Á Akureyri var gamla *kirkjan* frá *Svalbarði* flutt á safnsvæðið og endurgerð, og í Skógrum hefur verið komið upp heilu safni gamalla húsa úr Skaftafells- og Rangárvallasýslum, og þar er enn verið að auka við það hússafn. Í *Görðum* stendur til að flytja gamalt kaupstaðarhús af

Akranesi að safninu, svo sem við fengum að heyra í gær. Og í Skaga-firðinum er ákveðið að flytja tvö gömul og merkileg hús að safninu í Glaumbæ, *Gilsstofuna og húsið í Ási*, til að nota sem sýningarhús og vinnuhús fyrir safnið. - Ég minnist ekki hér á Árbæjarsafn, sem er í reynd útisafn, safn gamalla húsa úr Reykjavík og reyndar annars staðar að einnig, en hlutverk þess safns er beinlínis öðrum þræði að vera fornhausasafn.

Þessi þróun, að byggðasöfnin taki slík gömul hús upp á sína arma og endurreisi þau á safnsvæðinu, er mjög jákvæð. Með þessu er bæði verið að bjarga ýmsum merkilegum húsum, sem ella yrðu eyðingunni að bráð að líkindum, og svo fá söfnin þarna einnig oft kærkomin hús til að nota sem sýningarhús og hafa vinnuaðstöðu í.

Á undanförnum árum hefur verið reynt af hálfu Þjóðminjasafnsins og ekki síður Húsafríðunarnefndar að bjarga fjölda gamalla og merkra húsa viða um landið. Ég minntist litillega á þetta í gær, en flest þessara húsa eru varðeitt á sínum stað, í sínu rétta og eðlilega umhverfi. Reyndar er ekki alltaf hægt að segja, að þau standi í eðlilegu umhverfi lengur, því að á stundum hefur verið að þeim þrengt með nýbyggingum, sem taka oft ekkert tillit til þessara gömlu húsa, og oft verða þau þá eins og illa gerðir hlutir í umhverfi sínu.

Fyrir nokkrum vikum fórum við Lilja Árnadóttir og Hjörleifur Stefánsson í ferð um Austurland til þess að skoða ýmis gömul hús, sem verið er að gera við eða bíða viðgerðar. Þótt þetta væri mikil hraðferð náðum við að koma á marga staði og skoða allmikinn fjöldi gamalla og merkilegra húsa, sem enn eru ekki komin á friðlýsingarskrá eða fornleifaskrá. Með okkur voru þar á ferðinni þau Guðrún Kristinsdóttir og Halldór Sigurðsson, og þarna sáum við glöggt, að úti um landið er enn mikill fjöldi gamalla og merkilegra húsa, sem sum hver eru komin í eyði og á fallanda fót, önnur eru að ljúka hlutverki sínu, þar sem ný hafa verið reist í þeirra stað, og þarna sáum við, að við stöndum frammi fyrir gríðarmiklu vandamáli.

Hvað að gera?

Á að láta þessi hús flest eða öll fara í glatkistuna, eða eigum við að reyna að gera átak til að bjarga og vernda eitthvað af þessum merkilega byggingarárfi? - Jafnvel þótt ekki yrði varðeittur nema hluti af því, sem okkur þótti merkilegt, er það gríðarlegt verkefni sem hér blasir við, og þótt Þjóðminjasafnið reyndi að taka einhver þessara húsa undir sinn verndarvæng er ljóst, að það yrði aldrei nema litill hluti, sem þannig yrði hægt að varðveita.



*Teigarhorn við Berufjörð, timburhús byggt 1884 og lítið breytt, með upprunalegum húsgögnum. Ljósm. Guðrún Kristinsdóttir.*

Til að nefna fáein þeirra húsa, sem við skoðuðum þarna eða höfðum góðar spurnir af, vil ég gera hér grein fyrir nokkrum svo að þið fáið eilitla nasasjón af viðfangsefninu.

Austur í Lóni stendur gamalt og merkilegt samkomuhús, steinsteypt, frá 1913, nú lengi ónotað og farið að hrörna. Þetta er merkilegt hús og heimamenn eru fullir áhuga á að varðveita það og nota framvegis, en vantar hjálp og aðstoð.

Á *Strýtu i Hálspinghá*, *Skála í Berufirði* og víðar þarna austan við Berufjörðinn, standa gömul timburhús af sérstakri gerð, sem vart þekkist annars staðar, ein hæð með lágri rishæð og gluggum á portinu, en þessi hús eru víst nær öll komin í eyði eða eru að þoka fyrir nýjum húsum á jörðunum.

Á *Teigarhorni* stendur hið gamla og merkilega hús Niels Weywadts, frá því um 1880, að vísu hálfilla komið á ytra borði en merkilega heilt hið innra, og þar er stofan, fina stofan, nánast óhreyfð frá þessum tíma, með öllu innbúi, húsgögnum, myndum, gamla oliulampanum og fjölmögum persónulegum munum þessa fólks frá því fyrir og um aldamótin síðustu. Þetta er alveg einstæður hlutur og slikt sést líklegast hvergi hér á landi annars staðar. - Nú er verið að flytja úr

húsinu, en eigandinn vill láta varðveita húsið og láta þá fylgja því það, sem til er af gamla innbúinu.

Á *Sómastöðum* við Reyðarfjörð stendur gamla, steinhlaðna íbúðarhúsið rétt við þjóðveginn, reist um 1880. Á *Ekkjufelli i Fellum* stendur gamalt og merkilegt steinhús, nú ekki lengur notað. - Á *Sauðanesi* á *Langanesi* stendur steinhlaðna íbúðarhúsið, sem Vigfús prestur Sigurðsson reisti árið 1879, afar vandað og stórt að þeirrar tíðar hætti. Húsið hefur verið í eyði síðan um 1955, þá var reist nýtt prestseturs-hús, sem nú er líka orðið óibúðarhæft og þriðja íbúðarhúsið komið að jörðinni, en prestur að vísu fluttur inn á Þórshöfn. - Kirkjan þar er 99 ára, einnig reist af séra Vigfúsi, en þar stendur enn hin eldri kirkja, líklega reist fyrir 1850 og nú notuð sem fjárhús.

Og til að nefna eitt merkilegt hús enn, þá stendur við Jökulsá á Fjöllum steinhlaðið saeluhús, frá eitthvað um 1880, eitt af fyrstu steinhlöðnu húsunum, en það var víst aldrei hægt að nota vegna reimleika, menn héldust ekki þar við, jafnvel fræknir fjallamenn og ofurhugar hröktust úr húsinu um miðjar nætur vegna draugagangsins. - En þessi steinhlöðnu hús, á *Sómastöðum*, Sauðanesi og við Jökulsá eru frá fyrstu árum Steinbygginga hér á landi, eftir að menn fóru að reisa steinhús á ný eftir um 100 ára bið. Þessum þætti byggingarsögunnar hefur ekki verið sinnt sem skyldi hingað til.

En hvað á nú að gera? - Viðgerðir þessara húsa kosta stórfé og er enda óvist um notkun þeirra í framtíðinni, hvert hlutverk hægt væri að fá þeim mörgum.

Nú er verið að hefjast handa um ýtarlega skrá um varðveitt og varðveisluverð fornhús á Íslandi. Ætlunin er að velja síðan úr þeim hópi þau hús, sem brýnast er að varðveita og við teljum, að alls ekki megi láta fara forgörðum. En þótt aðeins yrðu valin tiltölulega fá þeirra húsa til framtíðarvarðveizlu er þó ljóst, að það verður gríðarlega kostnaðarsamt.

Og hvar á að taka peningana?

Ljóst er, að ekki er til mikils að setja fram óskir við fjárlagagerð hvert ár og segja, að svo og svo margra króna sé óskað til að gera við einhver þessara húsa. Á slikan hátt fást ekki nema smáaurar og hingað til hefur engan veginn fengizt fé til að halda sómasamlega við þeim húsum, sem Þjóðminjasafnið hefur þegar tekið til varðveizlu.

Af viðtölum við landsfeður kemur fram, að við skulum ekki vera bjartsýn enn um sinn á að fá mikla peninga til þjóðminjavörzlunnar, hvort sem nú er til Þjóðminjasafnsins sjálfs eða verkefna úti um

landið, nema þá að takist að fá einhvern þann tekjustofn, sem gæti gefið af sér nýja peninga, ekki venjulegt skattfé, til slíkra hluta. Við höfum komið að raun um, að upphaflegur tekjustofn Húsafríðunarsjóðs, sem var í upphafi 20 krónur á hvert mannsbarn og skyldi halda raungildi sínu framvegis, hefur verið stórkertur og framlög í Húsafríðunarsjóð, bæði á fjárlögum og úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, hafa hvergi nærrí orðið mörg undanfarin ár eins í upphafi var ákveðið. - Jafnvel þótt tækist að rétta Húsafríðunarsjóð við, myndu framlög hans hvergi segja neitt að marki til að styrkja slika húsavernd, sem við vildum óska að hægt væri að vinna að.

Nú eru flest byggðasöfnin lítt bjargálna fjárhagslega, það vitum við öll vel. En ég met mikils það starf, sem söfnin mörg hver hafa unnið á þessu sviði, að bjarga gömlum húsum til eigin nota. En ég vildi þó varpa fram þeirri spurningu hér, hvort einhver byggðasöfnin muni ekki geta gert enn meira á þessu sviði.

Ég vil nefna sem dæmi: Öll byggðasöfnin vantar geymslur. Það fengum við glögglega að heyra hér í gær. Alls staðar er sýningarrými vissulega af skornum skammti og byrfti að vera mun meira. En allir kvarta undan geymsluleysi, og þær geymslur, sem söfnin hafa getað orðið sér úti um, eru óhentugar og jafnvel slæmar, fyrir sumar þarf að greiða háa leigu og svo kemur oft fyrir, að söfnunum er úthýst úr leighuhúsnaði eða lánhúsnaði, og þá þarf að fara að leita enn á ný að geymslum.

Í fyrrgreindri ferð okkar komum við á Vopnafjörð. Þar stendur enn eitt af gömlu verzlunarhúsunum, hið síðasta af 19. aldar húsunum stóru. Þetta hús er reist 1882, afar stórt og vandað að beirrar tiðar hætti. Nú vilja menn jafnvel rífa það. Kaupfélagið er búið að byggja alls konar geymslu- og verkstæðishús og þessu gamla húsi er ofaukið og viðhald þess nánast ekkert, komið á fallanda fót. Guð má vita, hvernig fara á að því að bjarga því, þótt ég tæki nánast loforð af þeim Vopnfirðingum hér um árið, er þjóðminjasafnið keypti tvö gömlu verzlunarhúsin, sem þá átti helzt að ýta í sjóinn, og flutt voru hér suður í Árbæjarsafn að þeir varðveittu þetta. Ég tók nánast loforð af þeim að varðveita nú þetta eina, sem eftir var og sjá til þess, að Vopnafjörður ætti eftir eitt verzlunarhús, sem minnti á hinn gamla kaupstað og að það yrði varðveitt vel. - Ég taldi svo vera, en einn góðan veðurdag er sagt: Nú þarf þetta hús að fara líka, við höfum ekkert við það að gera. Við getum ekki haldið því við.

Þarna er einnig annað gamalt hús, að vísu frá upphafi þessarar aldar, sem heitir Framtíðin. Það er nú bara til að rífa það, sagði kaupfélagsstjórinn, fullt af alls konar drasli frá leikfélagini og einhverju ónýtu kaupfélagsskrani. Þetta var gamalt pakkhus, grunn-

# TÖLVUVÆÐING SAFNA OG TÖLVUSKRÁNING SAFNMUNA

Guðmundur Ólafsson


Góðir fundarmenn.

Mér hefur verið falið að hafa framsögu um tölvuskráningu safna hér á þessum fundi, og greina frá nýju skráningarforriti fyrir skráningu safngripa, sem Þjóðminjasafnið er í þann veginn að taka í notkun. Áður en ég byrja á því ætla ég að fara nokkrum orðum um að dragandann að tölvuvæðingu Þjóðminjasafnsins.

A Íslandi hófst tölvuvæðing safna með kaupum *Fornleifa- og Þjóðháttadeilda Þjóðminjasafnsins* 1984 á litilli 124k Apple tölvu, sem var keypt að ráði tölvuráðgjafa ríkisins. Hann taldi þá að hún mundi fullnægja öllum þörfum safnsins á næstu árum. Ég nefni þetta aðeins sem dæmi um hve lítill skilningur er á þeirri starfsemi, sem fer fram inni á söfnum. Það er heldur ekki svo langt síðan, að það bótti næstum eins og hvert annað grín hér á Íslandi að tala um að söfn þyrftu á tölvum að halda.

Enda þótt Apple tölvan hentaði mjög vel til ýmissa smáverkefna þá sprakk hún auðvitað um leið og skrárnar fóru að stækka. Það varð því fljótlega ljóst að Þjóðminjasafnið þurfti á margfalt öflugri tölvum að halda til þess að ná utan um nauðsynlegar safn-og gagnaskrár. Var undirrituðum falið að kanna þessi mál og undirbúa frekari tölvuvæðingu safnsins.

Má í því sambandi nefna, að 2 starfsmenn safnsins sóttu norræna ráðstefnu um tölvuvæðingu safna sem haldin var í Bergen 4. - 6. júní 1986. Í framhaldi af henni var tekin ákvörðun um að fara að fordæmi annarra safna á Norðurlöndum og fylgja svonefndum IBM-staðli.



Í dag ræður safnið yfir 6 IBM samhæfðum einmenningstölvum með samtals rúmlega 200MB minni, sem þýðir að þær geta geymt alls rúmlega 250 milljón stafi, eða um 100.000 blaðsíður í minni sínu. Hægt er að stækka minni tölvanna allt eftir þörfum og tölvurnar má tengja saman í net síðar meir.

Til þessa hafa tölvurnar aðallega verið notaðar við hvers konar ritvinnslu og minni háttar spjaldskrárgerð, en nú stendur til að gera bragarbót þar á. Safnið hefur að undanförnu fest kaup á hugbúnaði, sem á eftir að auðvelda til muna allar rannsóknir á safngripum og öðrum heimildum í fórum safnsins.

Má þar t.d. nefna *BYU textaleitarforrit*, sem hefur verið notað á Þjóðháttadeild, til að leita í svörum við spurningaskrám Þjóðháttadeilda-rinnar, og greinir Hallgerður Gísladóttir frá því hér á eftir.

Einnig má geta þess, að safnið hefur fengið að gjöf enskt *mælingaforrit*, hannað af David Ingram, sem nota má við fornleifarann-sóknir, fornleifaskráningu og hvers konar uppmælingu. Við höfum þegar notað það við skráningu á rústum á Þingvöllum og Þingnesi og gefist vel. Það merkir inn alla punkta sem teknir eru á því svæði sem verið er að skrá og dregur upp hæðalinur á kortið.

Auk þess ræður safnið yfir nokkrum smærri forritum.

hægt að sjá hvað er til af hlutum sem tilheyra einhverjum tilteknunum flokki, t.d. heyskap, veiðarfærum, matargerð o.s.frv. Um leið sést auðvitað hvaða hluti vantar í safnið í viðkomandi flokki. Þannig er flokkunarkerfi mikilvægt hjálpartæki við sýningargerð og ekki síst til þess að gera sér grein fyrir því, hverju sé brýnast að safna.

Eins og sést hér að ofan, er um mjög ýtarlegt kerfi að ræða, og alls ekki víst að allir þurfi að nota hvern einasta reit eða hvert einasta spjald, en möguleikarnir verða að vera til staðar.

Á aðalspjaldinu eru 32 atriði, eða efnispættir, sem flokkast undir grunnupplýsingar, en á öllum spjöldunum eru samanlagt 100 atriði sem hægt er að fylla út um hvern einstakan hlut. Kerfið er einfalt í notkun og flestir ættu að geta byrjað að skrá eftir stutta til sögn og lært smám saman betur á kerfið, allt eftir því sem meira er skráð. Þannig er gengið frá kerfinu, að með hverjum einasta reit sem hægt er að skrá upplýsingar í, fylgja stuttar leiðbeiningar um hvernig fara á að. Þessar leiðbeiningar birtast efst á skjánum ef ýtt er á hjálparhnapp, eða birtast sjálfkrafa á skjánum, um leið og farið er í nýjan reit.

Með því að ýta á annan hnapp er hægt að fá efst á skjáinn dálkauppsetningu á nánast hverju einasta atriði sem búið er að skrá, í stafrófsröð eða númeraröð.

Í sambandi við útþrentun á upplýsingum, þá er verið að hanna nýtt spjaldskrárspjald fyrir aðalspjald (sjá mynd) en ekki er búið að ganga endanlega frá því. Það er einnig hannað með það í huga að öll minjasöfn geti auðveldlega notað það. Að öðru leyti er hægt að prenta út nafnalista með dálkauppsetningu, eftir þörfum hvers og eins.

## MÓTUN STEFNU Í TÖLVUMÁLUM FYRIR ÍSLENSK SÖFN

Að lokum þetta: Ljóst er í dag að ef nægir peningar eru fyrir hendi, standa söfnunum til boða tæknimöguleikar sem fáa gat órað fyrir fyrir nokkrum árum.

En hvað eiga þá söfnin að gera, til þess að nýta sér þessa möguleika sem best? Ég tel að móta þurfi stefnu í tölvumálum fyrir íslensk söfn og nefni hér fáein atriði, sem mér finnst mikilvægt að safnafolk hafi í huga í sambandi við hugsanlega tölvuvæðingu safna sinna, og þá e.t.v. sérstaklega með tilliti til skráningar.

1. Leggja ber höfuðáherslu á, að öll söfn í landinu taki upp samhæfðan tölvubúnað, bæði vél- og hugbúnað, bannig að allir geti notað eitt og sama skráningarkerfi. Þannig væri hægt að koma öllum safngripum landsins inn í eina skrá, og auðvelt væri fyrir

**STOFNUN: 0000 Þjóðminjasafn Íslands (Þjms)**

Komudagur:	Flokkur:	Safnnúmer:	
Efni 1:	Almennt heiti:		Sérheiti:
Efni 2:	Tækni:	Mál/þyngd:	Aldur:
Staður:	Sveitarfélag:		

**NAFNASKRÁ**

Finnandi:	F.:	D.:	Starf:
Gefandi/seljandi:	F.:	D.:	Starf:
Notandi:	F.:	D.:	Starf:
Hlutinn gerði:	F.:	D.:	Starf:

**SAFNFÆRSLUR**

Kom ásamt:	Fylgiskjöl:	Forvarsla:
Ljósmyndir:	Skráning:	Geymsla:

**VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR:** Lýsing/ferill/saga/ og fl.

--

Til skýringar skulum við ímynda okkur, að við viljum fá að vita hverslags sláturmatur "steinblóð" sé. Við finnum svörin við skránni um sláturverk (svörin við hverri skrá eru heild út af fyrir sig) sláum orðið inn og fáum á svipstundu upp á skjáinn hversu mörg dæmi eru um orðið í textanum. Dæmin reyndust 33. Til að sjá dæmin gefum við skipun og upp koma þau í röð – orðið sem beðið var um og textabútur í kring (sjá mynd 1). Ofan við hvert dæmi er tilvísun í heimild og blaðssíðatal. Til að fá upplýsingar um heimildarmanninn slærðu númerinu upp í aðfangabókum deildarinnar. Þar sérðu m.a. við hvaða hérað landsins er miðað í skrifunum.

Nú er hægt að skoða dæmin eitt af öðru, og ef við viljum samhengisins vegna sjá stærri hluta af textanum gefum við aftur skipun og þá fórum við inn í viðkomandi heimild (mynd 2) og getum ferðast þar fram og aftur að vild.

Skránni um slátrun svöruðu 107 heimildarmenn. Hún var send út frá Þjóðminjasafnini fyrst 1959, en aðallega 1960, þannig að flestir þeirra sem svara eru fæddir fyrir aldamót. Svörin eiga því aðallega við byrjun aldarinnar. Þessi hraðsoðna athugun á orðinu "steinblóð" sem gerð var til að skýra notkun textaleitarforritsins út fyrir lesendum Ljóra leiddi eftirfarandi í ljós:

Af 33 dæmum um orðið í textanum voru aðeins 20 manns sem svöruðu því hvað "steinblóð" væri, í hinum tilfellunum nefndu menn orðið til að segja að þeir könnuðust ekki við þetta. Langflestir (eða 14) þeirra sem könnuðust við steinblóð voru úr Rangárvalla- eða Árnessýslu. Steinblóð var notað um tvennt: Annars vegar mörlaust, eða mörlítið blóð í slátri. Allir (6) sem þekktu þessa merkingu voru úr Rangárvalla- eða Árnessýslu.

Hins vegar var steinblóð storkið nautablóð, skorið í stykki, og soðið. Þessi merking var hins vegar útbreiddari, þ.e. 14 manns könnuðust við hana og þar af var helmingur úr áðurnefndum sýslum, en við bættust dæmi úr V-Skaftafelssýslu, að vestan og norðan.

Með flaut ýmis frekari fróðleikur eins og t.d. að í steinblóði í fyrri merkingunni hefðu verið kjötbitar í stað mörs og steinblóðið í seinni merkingunni hafði oftast verið súrsað en stundum etið nýsoðið með mjólk út á. Það getur komið sér vel að vera fljótur að finna nákvæmar útlistanir af þessu tagi t.d. þegar verið er að setja upp sýningar, eða þegar spurulir menn eru á línum hjá þjóðháttadeildinni eins og oft er. En fyrst og fremst á þetta eftir að koma til góða þeim sem stunda rannsóknir á efnunum sem þjóðháttadeild hefur spurst fyrir um.

## Reference List

var hirt og soðin í hunda. Menn sögðu ýmist blóðmör eða blómur eða slátur einu nafni. Mörlitill blóðmör var nefndur steinblóð. Stundum voru rúsínum hafðar með, ef litill var mörinn. í einni vömb voru 5-6 iður, en það

1 22:19

hve mikill hluti nautablóðs var nýttur til blóðmörsgærðar, og réði þar oftar um hversu mikill mör var í gripnum. Storkið nautablóð nefndist steinblóð. Flestir munu hafa slegið höfði nautgripa við strjúpann, einu sinni, eins og á

1 22:22

í það 6 skurðir og átti hver skurður að tákna hvern mánuð vetrar. Ef skurðir opnuðu sig, átti sá mánuður er þeir táknuðu að verða harðir. Steinblóð var ýmist soðið og sett í sur eða etið nýtt, en það þótti litill hátiðamatur.

1 29:19

í skyndi. Ég hygg að nálega allt nautablóð hafi verið nýtt til blóðmörsgærðar, ef til var nóg mjöл og feiti, en væri það ekki, t.d. ef skorið var af heyjum, var gert steinblóð. Storkið nautablóð kallaðist steinblóð.

Höfði nautgripa var slegið við strjúpann um leið og það

1 29:22

harðindakafla um miðjan vetur, minnir mig. Nautagall þekki ég ekki notað til lækninga. Steinblóð var matreitt skorið í stykki, soðið og súrsæð lengi. Þegar garnir voru verkaðar til matar voru þær ristar, skafnar bvegnar úr

Pg 2 of 6

1 29:19

## Expanded Window

Svæfingarjárn á hross mátti vera eilitið mjórra um fjöðrina. Orðið að svæfa var notað um verkið eða svæfing. Það heyrði ég sagt, að fyrstu lærðir slátrarar svo sem Eypór Felixsson, rotuðu naut og þótti takast vel, en ekki held ég það hafi breiðst út til sveita. Ég held að gripur, sem átti að svæfa hafi aldrei verið lagður niður áður en svæft var, heldur fallið við stunguna og varð að gæta þess að hann félli á vinstri hlið, svo hægt væri að skera hann í skyndi. Ég hygg að nálega allt nautablóð hafi verið nýtt til blóðmörsgærðar, ef til var nóg mjöл og feiti, en væri það ekki, t.d. ef skorið var af heyjum, var gert steinblóð. Storkið nautablóð kallaðist steinblóð. Höfði nautgripa var slegið við strjúpann um leið og það var skorið frá, ætli það hafi ekki verið látið duga einu sinni. Fyrstu löpp sem losnaði var stungið upp í hausinn áður en hann stirnaði, svo hægara væri að ná úr honum tungumatnum.

Af kúm var tekin kvíþlengja framan fyrir bringu og aftur fyrir júgur. Síðan rist fyrir út að lágklaufum og byrjað að flá lappir, hemingar. Ekki bekktist að bót væri skilin eftir óflegin á bringukolli. Nautskyllir ekki hirtur til matar, en pungur troðinn út með heyi, hertur og eltur í tóbakspong eða annað. Vel trulegt að nautskyllir væri notaður í skæðaskinn eða sem peningapungur.

p20 Lappir voru flegnar að lagklaufum. Skækclar á nautshúð hétu hemingar. Þeir voru notaðir í skæðaskinn. Hældir á borðrönd. Kúpan

# UM SAFNKENNSLU

Bryndís Sverrisdóttir

Í erindi þessu verður leitast við að gera grein fyrir stöðu safnkennslu, bæði í Reykjavík og úti á landsbyggðinni. Með safnkennslu er átt við skipulagðar heimsóknir skólanema á söfn, þar sem tekið er á móti nemendum og safngripir útskýrðir fyrir þeim, eða þeir fá í hendur ákveðin verkefni til að vinna meðan á heimsókninni stendur.

Safnkennsla er engan veginn nýtt fyrirbæri hér á landi. Um 1960 var farið að fara með skólanema í skipulagðar heimsóknir á söfn í Reykjavík, þá fyrst og fremst á Þjóðminjasafnið og Listasafn Íslands. Framsýnir menn sáu þá þegar að þarna var um mikilvæga þróun að ræða, eins og orð Kristjáns Eldjárns í formála að bókinni Hundrað ár í Þjóðminjasafni sýna, en þar segir hann:

"Lengi hafa kennrar komið með nemendum sína í Þjóðminjasafnið, en til skamms tíma voru slikein safngöngur skólaþolks óskipulagðar. En 1960 var farið að skipuleggja heimsóknir skólaþolks í safnið að frumkvæði fræðsluskrifstofu Reykjavíkurborgar og sérstakur kunnáttumaður ráðinn til þess að leiðbeina. Þetta hefur gefist vel, og mun vafalaust lengra stefnt í þessa átt í framtíðinni."

Kristján kemur síðan að því, sem er í raun grunnhugmyndin að baki allrar safnkennslu er hann segir: "Tilviljunarkenndar og óundirbúnar skólaheimsóknir í söfn eru til litils gagns, svo ekki sé meira sagt, en vel undirbúin kennslustund í safni á að geta verið fróðleg og broskandi fyrir nemendum."

Um 1980 varð sú breyting á, að farið var að tengja safnheimsóknirnar skólastarfi á markvissari hátt. Þá var einnig farið að útbúa verkefni til úrvinnslu á söfnnum og þessi verkefni voru jafnframt hugsuð sem ítarefni við námsefni skólanna.

Þessari stefnu er enn fylgt í meginatriðum. Þó getur það verið



*Nemendur leysa verkefni á Þjóðminjasafni undir leiðsögn safnkennara. Ljósm. Mbl/Emilia.*

nokkrum erfiðleikum bundið, einkum hvað varðar yngstu bekki grunnskólans, en í námsefni þeirra er fremur lítil áhersla lögð á sögu og menningu Íslendinga.

Markmið safnkennslunnar, auk fræðsluþáttarins, er að venja börn og unglings við að heimsækja söfn og sýningar, að kenna þeim að umgangast gamla og verðmæta hluti af virðingu og læra að meta menningararf okkar. Ég verð iðulega vör við það, að börn, sem komið hafa í fyrstu skylduheimsóknina með skólanum, koma fljótt aftur á safnið, og þá af sjálfsdáðum. Það er mikilvægt að börn sjái það snemma að það er óþarfi að vera feiminn við að fara inn á söfn og að söfn séu ekki síður ætluð börnum en fullorðnum.

Hlutverk safna er að safna munum, rannsaka, skrásetja og varðveita, sýna þá og veita almenningi fræðslu um þá. Hvað varðar fræðsluþáttinn þá hefur það farið mjög eftir áhuga einstakra safnmannna hvort honum hefur verið sinnt. Frumkvæðið að safnkennslu hérlandis hefur t.d. ávallt komið frá fræðsluyfirvöldum en ekki frá söfnunum sjálfum. Í núgildandi þjóðminjalögum er ekkert minnst á

fræðsluskyldu safna, en í frumvarpi að nýjum þjóðminjalögum, sem lagt var fram á Alþingi s.l. vor segir svo í 4. grein: "Safnið (þ.e. Þjóðminjasafnið) og starfsemi þess skal kynnt nemendum skóla í samráði við skóla og fræðslufirvöld, ýmist í safninu sjálfu eða í skólunum, og einnig skal efnt til slíkrar fræðslu fyrir almenning í safninu og í ríkisfjölmíðlum." Þessi grein var síðan tekin svo til orðrétt upp í lög um Listasafn Íslands, sem samþykkt voru á síðasta þingi.

Parna tel ég að verið sé að stíga mikilvægt skref og verður athyglisvert að sjá hvaða áhrif þetta hefur á samstarf skóla og safna, en hingað til hefur verið um litla samvinnu þessara aðila að ræða, a.m.k. þar sem ég þekki til. Skólnir nýta sér gjarnan þá þjónustu sem þeim stendur til boða á söfnum, en kennrarar reyna lítið sem ekkert að hafa áhrif á þá kennslu sem fram fer á söfnunum. Parna þarf miklu virkara samstarf að koma til ef safnkennslan á að nýtast vel sem viðbót við námsefni skólanna.

Ekki þótti tímabært að kveða á um fræðsluskyldu byggðasafnanna í þessu frumvarpi, enda safnkennsla þar viðast hvar á byrjunarstigi. Undanfarin ár hefur þó ýmislegt verið að gerast í þeim málum úti á landsbyggðinni. Forstöðumenn byggðasafna hafa töluvert haft samband við mig til þess að fá upplýsingar um fyrirkomulag safnkennslunnar hér á Þjóðminjasafni og hef ég reynt að liðsinna þeim efir föngum.

Á eftirtöldum byggðasöfnum er boðið upp á safnkennslu fyrir skólabörn:

Á Minjasafninu á Akureyri var hafin safnkennsla s.l. vetur. Aðsókn var góð, og komu alls um 1200 nemendur þangað frá áramótum til vors.

Við Safnastofnun Austurlands hafa verið útbúin verkefni fyrir Sjóminjasafnið á Eskifirði og Byggðasafnið á Höfn í Hornafirði. Forstöðumaður Safnastofnunarinnar hefur einnig gert nokkuð að því að heimsækja skóla.

Á Byggðasafninu á Selfossi hefur verið tekið á móti skólahópum undanfarna vetur.

Á Reykjum í Hrútafirði hafa verið settar á stofn skólabúðir þar sem 11 - 14 ára nemendum gefst kostur á að dvelja í viku í senn ásamt kennurum sínum. Einn liðurinn á dagskrá skólabúðanna er heimsókn í byggðasafnið þar sem börnin vinna verkefni. Þessi verkefni, sem ég útbjó að beiðni Menntamálaráðuneytisins, fjalla um hákarlaveiðar, tóvinnu, matargerð og smiðar.

Um þessar mundir er verið að útbúa verkefni til að nota á byggðasafninu í Glaumbæ í Skagafirði og við Byggðasafnið á Ísafirði stendur til að útbúa kennsluefní í samvinnu við kennara.

Á Sjóminjasafninu í Hafnarfirði er tekið á móti skólahópum eftir samkomulagi og þar eru til verkefni um sýningarnar.

Á Árbæjarsafni hefur nýlega verið ráðinn starfsmaður, sem m.a. á að hafa umsjón með safnkennslu. Þar verða útbúin verkefni, sem tekin verða í notkun næsta vor og koma að öllum líkendum til með að fjalla um byggingar- og atvinnusögu Reykjavíkur. Árbæjarsafn fór af stað með mjög skemmtilega nýjung s.l. haust, þegar fólk bauðst að taka þátt í heyskap með gömlum aðferðum, og tókst þar verulega vel að gera safnið lifandi.

Á Heimilisiðnaðarsafninu á Blönduósi hefur skólanemum m.a. verið boðið upp á verklega kennslu í því að kemba og spinna ull og strokka smjör.

Verkefni um Minjasafn Suðurnesja í Keflavík hafa verið gerð í samráði við skóla þar í bæ.

Ég hef eingöngu haldið mig við minjasöfn í þessu yfirliti en vil þó nefna, að við Listasafn Íslands hefur starfað safnkennari frá ársbyrjun 1987 og er aðsókn skólanema á safnið mjög mikil.

Þá er komið að þjóðminjasafninu. Á síðasta ári fengu rúmlega 6000 skólanemar kennslu á safninu. Þar af var rúmlega helmingur úr Reykjavík, en einnig er alltaf töluvert um að reynt sé að fella safnferðir inn í skólaferðalög nemenda utan af landi til höfuðborgarinnar. Safnkennslan er fyrst og fremst ætluð grunnskólanemum, en þó er reynt að taka á móti framhaldsskólanemum eftir því sem tími leyfir. Tekið er á móti hópum alla virka daga og er þessi þjónusta skólunum að kostnaðarlausu.

Send er út dagskrá í september og janúar þar sem kennurum er greint frá því hvaða kennslupættir standa þeim til boða. Í veturn er eitthvað á boðstólum fyrir alla bekki grunnskólans.

Skuggabréðuleikhús er nýjung í safnkennslu fyrir 6 og 7 ára börn, og er raunar enn á tilraunastigi. Ég kynntist þessu formi safnkennslu í Kaupmannahöfn, en á danska þjóðminjasafninu hefur bréðuleikhús verið á dagskrá um árabil með góðum árangri. Bryndís Gunnarsdóttir kennari hefur samið leikþáttinn, en hann fjallar um litla stúlku, sem býr í sveit um aldamótin síðustu og hún segir frá daglegu lifi fólksins á bænum, hjátrú, leikjum o.fl og kynnir ýmsa muni, sem þá voru í notkun, en nú eru komnir á söfn. Að sýningu lokinni fara börnin fram í sali og leita uppi þá hluti sem kynntir voru.

Við höfum haft 8 sýningar til þessa og ég vona að framhald verði þar á. Eins standa vonir til að gert verði myndband með leikþátt-

inum, bæði til að nota á safninu og eins til að lána út, en myndbandið ætti að vera hægt að nota í tengslum við heimsókn í hvaða byggðasafn sem er.

8 og 9 ára börn fá að kynnast Þjóðminjasafninu almennt. Rætt er við þau um safnið, hvaðan safngripir koma, hvað starfsfólkið á safninu vinnur við o.fl. Siðan skoðum við safnið saman og nokkrir hlutir eru teknir sérstaklega til umfjöllunar.

Á síðasta skólaári komu alls 106 hópar 10 ára barna á safnið og unnu þar verkefni um landnám Íslands. Þetta eru fjögur mismunandi verkefni í krossgátuformi, sem hafa verið svo til óbreytt í mörg ár og eiga vinsældir sínar fyrst og fremst því að þakka hvað þau falla vel að námsefni skólanna um landnámið.

Fyrir 11 og 12 ára nemendur eru til sjö mismunandi verkefni um muni tengda trúarbrögðum Íslendinga, þ.e. ásatrú, kaþólskri trú og lúterstrú og handa elsta hópnum, 13 - 16 ára, eru til verkefni um fiskveiðar, innistörf, útistörf, smíðar og ferðir og ferðalög, en öll þessi verkefni tengjast námsefni skólanna.

Safnkassi um ull og tóvinnu er nýjung frá safninu í vetur, en það er kassi, sem kennarar geta fengið lánaðan í viku í senn. Í kassanum eru snældur, kambar, ull, hefti um tóvinnu og leiðbeiningar um það hvernig eigi að kemba og spinna, og auk þess nokkrir safngripir eins og prjónastokkur, nálhús, tvíþumla vettlingur, rósavettlingar og leppar. Ef kennarar sýna kassanum áhuga verða útbúnir kassar um fleiri efni.

Þetta væri e.t.v. eitthvað fyrir byggðasöfnin að athuga. Þar væri hægt að útbúa kassa um t.d. ljósfæri, mjólkurvinnslu, matargerð, klæðnað fólks áður fyrr og margt fleira. Ekki er ástæða til að Þjóðminjasafnið sendi muni út um land, ef sams konar munir eru til í byggðasöfnunum.

Ég vil að lokum lýsa ánægju minni yfir þeim vaxandi áhuga sem safnafólk um land allt hefur sýnt safnfræðslumálunum upp á síðastið og vænti góðs af áframhaldandi samstarfi.

# UPPGRÖFTURINN Á STÓRUBORG UNDIR EYJAFJÖLLUM

Mjöll Snæsdóttir

Fornleifarannsóknir á vegum Þjóðminjasafnsins á Stóruborg undir Eyjafjöllum hafa staðið yfir síðan 1978. Unnið hefur verið skamman tíma á hverju sumri, oft 8-9 vikur. Lengd vinnutíma á hverju ári ræðst af því, hve mikið fé er til að vinna fyrir. Uppgröfturinn hefur verið kostaður af framlagi Þjóðhátiðarsjóðs til Þjóðminjasafnsins. Það hefur vissa vankanta að þurfa að vinna slikt verk í svo mörgum áföngum. Á hverju ári þarf að byrja á að hreinsa ofan af foksand og mold sem hrunið hefur yfir tóttirnar áður en hægt er að byrja þar sem frá var horfið.

Eins og aðrir uppgrefstir, einkum á Íslandi, er verk þetta mjög háð veðurlagi, og hafa nokkur sumur verið erfið vegna veðurs. Aðstæður á Stóruborg eru þannig að allt gróðurlendi næst bæjarhólnum hefur eyðst og er þar nú sandfjara á allar hliðar. Tvær ár falla til sjávar nærri hólnum og breytist farvegur þeirra nærri því á hverjum vetri. Stundum hafa þær verið alveg við hólinn en stundum langt frá.



Trébátur, leikfang (STB 1987:301). Teikning Mjöll Snæsdóttir.


Að Stóruborg var kirkja að fornu og kirkjugarður. Fyrsta sumarið sem grafið var, 1978, var kirkjugarðurinn kannaður og kirkjustæðið, en hvortveggja var mikið skemmt af ágangi sjávar. Sumarið eftir var byrjað að vinna í rústum bæjarins sjálfs. Þær eru miklar um sig og

hópurinn sem að uppgrefti vann fámennur, þannig að ekki var hægt að grafa á öllu svæðinu í einu. Því var brugðið á það ráð að afmarka hluta hólsins og grafa hann "í botn", en síðan færði uppgraftarliðið sig um set og tók fyrir nýja skák. Hefur þannig verið unnið öll sumurin frá 1979. Nú er farið að síga á seinni hluta verksins en þó er enn nokkuð óunnið. Erfitt er að segja fyrir um hve langan tíma það tekur, en þó er líklega raunsætt að búast við svo sem þriggja sumra vinnu enn, við svipaðar aðstæður og verið hafa fram að þessu.


Sumarið 1987 var unnið á Stóruborg frá 6. júlí til 3. sept. Vinndagar voru alls 44. Rústin hafði ekki orðið fyrir sjáanlegum skemmdum yfir veturinn, mikill sandur liggur upp að hólnum, einkum að sunnan og yfir þeim svæðum sem áður hafa verið grafin. Veður var allgott á vinnutímanum, en nokkur vandræði voru af sandroki, þegar eitthvað hvessti.

Eftir að búið var að hreinsa upp sand af svæði því, sem unnið hafði verið á sumarið 1986, var tekið til við að grafa þar sem frá var horfið. Lokið var við að grafa upp byggingu, sem hafði verið könnuð sumarið áður að miklum hluta. Í húsinu höfðu verið nokkur góflög og var eitt eftir enn. Grafið var í gegnum það og húsið síðan fjarlægt. Petta hús (nefnt hús 38) hefur líklega verið geymsluhús af einhverju tagi. Þó er hugsanlegt að það hafi ekki verið notað á sama hátt allan þann tíma sem það stóð, en það hafði greinilega verið notað lengi. Undir húsinu 38 var a.m.k. 1/2 m af gráum leir, en vitað er að undir því er eitt byggingarskeið enn.

Hús 38 tengdist með gangi við áður grafin bæjarkúlum. Tvö þeirra (talin hús númer 16 og 40) höfðu verið athuguð 1986 og var búið að fjarlægja mikinn hluta þeirra. Undir þessum húsum komu nú í ljós önnur. Undir húsinu sem kallað hafði verið nr. 40 var komið ofan á annað hús, sem fékk númerið 41, en milli þeirra var þykkt lag af gráum leir.



Taflmaður úr beini (STB 1987:216) og bronsskraut af hnifsskathi (STB 1987:69). Teikning Adolf Friðriksson og Mjöll Snæsdóttir.



Brot úr trékambi (STB 1987:177). Teikning Orri Vésteinsson.

Húsið nr. 41 sneri austur og vestur og var ca 4,80 x 2,40 m. Gengið hefur verið út úr því til suðurs. Innbrúnir veggja í þessu húsi voru úr grjóti, en veggirnir að öðru leyti úr torfi og mold. Gólfskán var bykk og margföld hellulögn í gólfinu. Í þessu gólfí var mikil af beinum, einkum fiskbeinum, en þar fundust einnig ýmsir hlutir. Meðal annars voru þar steinar með götum, sem likur eru á að hafi verið notaðir sem kljásteinar, einnig mörg brot úr sleggjuhausum úr steini, líklega úr fiskisleggjum.

Um notkun húss 41 verður ekki sagt með vissu, en einhvers konar iveruhús hefur það verið. Í því var eldstæði, en lítið, ef til vill fremur til upphitunar en til eldamennsku. Var það byggt inn í norðurvegg hússins.

Suður af húsi 41 og austan við hús 38 markaði fyrir einni byggingu enn, húsi 42, og virtist það hús tengjast 41 eða því sem þar var fyrir neðan. Gólfíð í 42 var þó nokkuð dýpra en gólf 41, eftir því sem könnunahola sýndi. Ekki vannst tími til að fara niður á gólf 42 það sumar.

Allmargir munir fundust á Stóruborg sumarið 1987, en þó færri en stundum áður. Komst fundaskrá í 369 númer alls, m.a. 2 brot úr trékömbum, 2 tréperlur, líklega af talnaböndum, hluti úr leðurskó, taflmenn úr beini, 2 rafperlur af talnaböndum, nokkur leirkersbrot og nokkur leikföng úr tré.



Öxi? Leikfang úr tré (STB 1987:23). Teikning Þóra Magnúsdóttir.

Sumarið 1988 var unnið frá 1. júlí til 1. september, en töf varð um vikutíma, vegna þess að göngubrú yfir Kaldaklifsá tók af í miklum vatnavöxtum hinn 7. eða 8. ágúst. Yfirleitt voru fimm manns að vinnu við uppgröftinn.

Byrjað var að nýju á svæði því sem unnið hafði verið á sumarið áður. Mikill sandur hafði fokið inn yfir það og var fengin aðstoð við að hreinsa hann af. Ólafur Eggertsson á Þorvaldseyri vann við það með traktorsgröfum sinni.

Vestast á uppgraftarsvæði þessa árs var grafinn upp austurhelmingur byggingar sem nefnd var hús 37, en vesturhelmingur hennar hafði verið kannaður árið 1986. Þetta hús var stórt, e.t.v. 11 - 12 metra langt, en 3,60 m að breidd. Það snert norður og suður og hornrétt á framhúsin, sem grafin voru upp á árunum 1980 - 1985. Fáir munir fundust í þessu húsi og hefur það ef til vill verið einhvers konar úthús. Gólf var mjög móöskuborið.


Grafið var niður undir húsi, er kannað hafði verið sumarið 1987 og hafði númerið 41, og síðustu leifar af gólfí i því húsi fjarlægðar. Þá var rifinn steinhlaðinn ofn sem gekk inn í norðurvegg hússins, og teiknaður hafði verið og kannaður 1987. Undir honum kom í ljós undirstaða eða neðsti hluti af öðrum ofni. Hafði neðri og eldri ofninn verið nokkru minni en sá efri. Verður að telja að hinn neðri tilheyri elsta skeiði húss 41, fremur en eldra húsi, a.m.k. sáust ekki ummerki húss, sem hann gæti tilheyrt.

Suður af húsi 41 var önnur bygging eða afhýsi lítið, sem nefnt var hús 42. Þar var gólf lítilfjörlegt en mikill leir og nokkuð af móösku. Í þessari tótt fannst nokkuð af stóru timbri.

Undir húsi 42 voru ummerki um enn eina byggingu, og var henni gefið númerið 47. Í því húsi virtist hafa verið mjög móöskuborið gólf, en það var að miklum hluta skaddað af húsinu 42. Húsið 47 tengdist með göngum húsinu 37, sem var vestan við það.

Undir húsinu 47 voru fjögur sáför, allstór. Yfir þeim var hart gólfflag með töluverðri móösku í, einnig nokkrum hellum. Því hljóta sáförin annað hvort að tilheyra elsta skeiði hússins 47, eða öðru húsi sem stóð áður á sama stað. Undir húsi 47 var einnig niðurgrafið hús eða kjallari með allhördum leir í botni en ekki greinilegu gólfí að öðru leyti. Þetta niðurgrafna hús nefndum við hús 45. Aldur þess og notkun eru óviss, en það virtist grafið niður í gegnum hús 47.


Fundnir munir urðu 171 sumarið 1988, þar á meðal skósóli, bókaraspennsli, steinkola, tréperla, brot úr bronspotti, beinnál og hnífsskaft úr beini. Er greinilegur munur á fundafjölda í þessum byggingum, sem eru bakhús í bæjarþorpinu, og framhúsunum, sem áður



*Hnífur með beinskasti (STB 1988:7). Teikning Orri Vésteinsson.*

hafa verið grafin upp. Við verklok sumarið 1988 var komið í botn á því svæði sem verið var að kanna og ekki merki um fleiri byggingar þar. Næsta sumar verður því tekið til á nýjum stað þar austan við.

Uppgröftur þessi er orðinn með þeim langvinnustu á landi hér og eflaust sumir farnir að missa trúna á að við sem þarna vinnum munum nokkurn tíma ljúka verkinu. Sjálf erum við hins vegar nokkuð vongóð um það. Þegar uppgröftur hófst fyrst á Stóruborg, voru allir í miklum vafa um hvort það tækist að ljúka verkinu áður en náttúruöflin ynnu á hólnum. Heppnin hefur verið með okkur fram að þessu, og rústirnar hafa ekki orðið fyrir miklum sjávarágangi síðustu vetur. Það eru því tölzuverðar líkur á að við náum því að kanna það sem eftir er af hólnum, þó aldrei sé hægt að vera alveg viss um slikt fyrirfram.



*Beinnál (STB 1988:145). Teikning Mjöll Snæsdóttir.*

# EFNISYFIRLIT

FRÁ RITNEFND . . . . .	3
PRIÐJI FUNDUR ÍSLENSKRA SAFNMANNA 6. - 8. OKTÓBER 1988. DAGSKRÁ . . . . .	4
<b>Pór Magnússon</b> VIÐ OPNUN SAFNMANNAFUNDAR 6/10 1988 . . . . .	5
<b>Ragnheiður H. Þórarinsdóttir</b> ÁRBÆJARSAFN - MINJASAFN REYKJAVÍKUR . . . . .	13
<b>Gyða Gunnarsdóttir</b> SJÓMINJASAFNIÐ Í HAFNARFIRÐI . . . . .	17
<b>Bjarni Bachmann</b> BYGGÐASAFN BORGARFJARÐAR . . . . .	19
<b>Magnús Gestsson</b> BYGGÐASAFN DALAMANNA . . . . .	20
<b>Elísabet Sigurgeirs dóttir</b> HEIMILISDNAÐARSAFNIÐ, BLÖNDUÓSI . . . . .	22
<b>Sigríður Sigurðardóttir</b> SAFNAFRÉTTIR ÚR SKAGAFIRÐI . . . . .	23
<b>Guðný Gerður Gunnarsdóttir</b> MINJASAFNIÐ Á AKUREYRI . . . . .	25
<b>Finnur Kristjánsson</b> BYGGÐASAFN ÞINGEYINGA . . . . .	27
<b>Magrét Bóasdóttir</b> BYGGÐASAFNIÐ Á GRENJAÐARSTAÐ . . . . .	28
<b>Guðrún Kristinsdóttir</b> SAFNASTOFNUN AUSTURLANDS . . . . .	30

<b>Pórður Tómasson</b>	
BYGGÐASAFNIÐ AÐ SKÓGUM	.....
	35
<b>Hildur Hákonardóttir</b>	
BYGGÐA- OG LISTASAFN ÁRNESINGA Á SELFOSSI.	..
	37
<b>Pór Magnússon</b>	
VERNDUN GAMALLA BYGGINGA.	.....
	39
<b>Guðmundur Ólafsson</b>	
TÖLVUVÆÐING SAFNA	
OG TÖLVUSKRÁNING SAFNMUNA	.....
	46
<b>Hallgerður Gísladóttir</b>	
TÖLVUSETNING HEIMILDA Á ÞJÓDHÁTTADEILD.	..
	53
<b>Bryndís Sverrisdóttir</b>	
UM SAFNKENNSLU.	.....
	56
<b>Mjöll Snæsdóttir</b>	
UPPGRÖFTURINN Á STÓRUBORG	
UNDIR EYJAFJÖLLUM	.....
	61
<b>Efnisyfirlit</b>	.....
	66

